

SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS  
ÁRSSKÝRSLA  
2009-2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



### **Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS  
ÁRSSKÝRSLA  
2009–2010

AÐALFUNDUR SA  
21. APRÍL 2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


**EFNISYFIRLIT**

ÁVARP FORMANNS . . . . .	3
1. kafli EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL . . . . .	4
2. kafli KJARAMÁL OG SAMNINGAR . . . . .	13
3. kafli STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI . . . . .	16
4. kafli JAFNRÉTTISMÁL . . . . .	18
5. kafli LÍFEYRISMÁL . . . . .	20
6. kafli UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI . . . . .	22
7. kafli SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD . . . . .	24
8. kafli ERLEND SAMSKIPTI . . . . .	26
9. kafli MENNTAMÁL . . . . .	30
10. kafli ÚTGÁFA OG KYNNING . . . . .	33
11. kafli REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG . . . . .	36
12. kafli STJÓRNIR, NEFNIR OG AÐILDARFÉLÖG SA . . . . .	38
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . .	42
Áritun óháðs endurskoðanda . . . . .	43
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2009 . . . . .	44
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA . . . . .	45
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA . . . . .	46

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Hörður Vilberg

Ljósmyndir: Jóhannes Long, SA o.fl.

Forsíða: EnnEmm

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja 

# ÁVARP FORMANNS



**Vilmondur Jósefsson**

formaður Samtaka atvinnulífsins

## ÍSLAND AF STAÐ

Samtök atvinnulífsins hafa á því starfsári sem nú er að ljúka lagt höfuðáherslu á að efnahagslífinu verði komið í gang. Með hliðsjón af erfiðri stöðu fyrirtækja almennt var ljóst síðastliðið vor að það yrði á brattann að sækja og fyrirtækin gætu ekki staðið undir þeim launahækkunum sem samið hafði verið um við óbreyttar aðstæður.

Samtök atvinnulífsins, ásamt ASÍ, áttu frumkvæði að því að kalla eftir víðtæku samráði stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, og allra helstu samtaka á íslenskum vinnumarkaði til að bregðast við efnahagsvandadanum. Markmið SA var að stuðla að samstilltu og öflugri átaki í atvinnumálum, skapa skilyrði fyrir nýjum fjárfestingum, auknum umsvifum, fjölgun starfa, meiri verðmætasköpun og minna atvinnuleysi.

## Háleit markmið stöðugleikasáttmála

Í lok júní 2009 var undirritaður stöðugleikasáttmáli milli allra þessara aðila þar sem sett voru fram markmið um bætt starfskilyrði atvinnulífsins. Sett voru ákveðin viðmið um lækkun vaxta, endurreisn bankakerfisins og afnám gjaldeyrishafta í áföngum. Að auki lýstu stjórnvöld því yfir að greitt yrði fyrir tilteknum framkvæmdum og fjárfestingum, m.a. í samstarfi við lífeyrissjóði. Einnig var samið um það hver yrði hlutur skattahækkana og útgjaldalækkana í því að stöðva hallarekstur ríkissjóðs.

Á sama tíma var gert samkomulag um að kjarasamningar við aðildarfélög Alþýðusambandsins héldu gildi sínu til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum að hluta umsaminna launabreytinga var frestað. Í lok október ákvað stjórn SA að nýta ekki heimild til uppsagnar kjarasamninga þrátt fyrir það mat samtakanna að mikið hefði vantað upp á að ríkisstjórnin hefði staðið við sinn hluta stöðugleikasáttmálans. Allir kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum halda því gildi sínu til 30. nóvember næstkomandi og hafa þá að fullu verið efnir miðað við upphaflega gerð þeirra. Það liggur því fyrir að kjaramálin verða meginverkefni Samtaka atvinnulífsins á hausti komanda, þar sem allir kjarasamningar verða lausir í kringum áramótin, bæði á almenna markaðnum og hinum opinbera.

## Fyrirheit gengu ekki eftir

Samtök atvinnulífsins lögðu á liðnu starfsári á það mikla áherslu að stjórnvöld stæðu við sinn hluta stöðugleikasáttmálans en því miður gekk það ekki eftir. Óþarfi er að lýsa í smáatriðum þeim hindrunum

sem stjórnvöld og einstakir ráðherrar reistu og urðu til þess að tefja mál eða ýta þeim út af borðinu, auka vantrú fjárfesta og um leið framlengja kreppuna. Samtök atvinnulífsins komu áhyggjum sínum af framgangi stöðugleikasáttmálans ítrekað á framfæri við ríkisstjórnina og töldu upplausn hans mjög óæskilega.

Vegna aðgerða og aðgerðaleyfis stjórnvalda, hægagangs í of mörgum málum og vanefnda litu SA svo á í lok mars 2010 að samtökunum hefði í raun verið vísað frá áttmálanum. Mikil óánægja og vantrú ríkti í atvinnulífinu um raunverulega getu og vilja ríkisstjórnarinnar til að taka á málum í samræmi við ákvæði stöðugleikasáttmálans og traust á milli hennar og SA brast.

## Öflug atvinnustefna nauðsynleg

Til að fylgja eftir undirritun stöðugleikasáttmálans gáfu Samtök atvinnulífsins út aðgerðaáætlun í febrúar 2010 undir yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla“. Fyrirliggjandi spár gerðu ráð fyrir samdrætti í efnahagslífinu á þessu ári og mjög takmörkuðum hagvexti á næstu árum. Sú framtíðarsýn gerir ráð fyrir viðvarandi atvinnuleysi, vandræðum í ríkisfjármálum og áframhaldandi veikingu á velferðarkerfi þjóðarinnar. Það er algjörlega óásættanlegt og vilja Samtök atvinnulífsins leggja sitt af mörkum til að hún rætist ekki. Ef fylgt væri öflugri atvinnustefnu gæti kreppunni lokið á þessu ári.

## Íslendingar hafa örlögin í hendi sér

Samtök atvinnulífsins telja að örlög íslensks atvinnu- og efnahagslífs séu fyrst og fremst í höndum Íslendinga sjálfra. Aðgerðir eða aðgerðaleyfi ráði því hvernig til tekst að komast út úr kreppunni í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Að mati SA er hægt að endurreisna á sjó árum þau lífskjör, velmegun og velferð sem þjóðin bjó við fyrir hrun. Meginleiðin er sú að hvetja til fjárfestinga í atvinnulífinu og tryggja aðgang að erlendu og innlendu lánsfé á viðráðanlegum kjörum.

Hagkvæmt og samkeppnishæft bankakerfi, afnám gjaldeyrishafta og lágir vextir eru lykilatriði í endurreisninni. Takist að ná þessu fram leggur það einnig grunn að því að gengi krónunnar geti styrkst, verðbólga haldist lág og að gerðir verði kjarasamningar til lengri tíma sem byggi á sameiginlegri sýn um hvert stefna skuli.

## Jákvæðni í garð íslenskra fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins létu nýlega gera könnun á ímynd atvinnulífsins meðal almennings. Þar kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti er jákvæður í garð síns vinnuveitanda og mikill meirihluti ber mikið traust til íslenskra fyrirtækja. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við traust á ýmsum stofnunum samfélagsins getur atvinnulífið verið sátt við sinn hlut. Það veitir okkur sem erum í forystu íslenskra fyrirtækja styrk og þrótt til að berjast fyrir bættum hag atvinnulífsins og um leið fólksins í landinu. Við þurfum að koma Íslandi af stað á nýjan leik.

# EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 1.1. ALPJÓÐLEGU EFNAHAGSLÆGD- INNI LOKIÐ

Á síðasta ári lauk mestu efnahagslægd sem heimsbúskapurinn hefur gengið í gegnum í áratugi en samdráttur landsframleiðslu árið 2009 er talinn hafa numið 3,5% í OECD-ríkjunum en hann var þó mun minni á heimsvísu, eða 0,8%, vegna nokkurs hagvaxtar í nýmarkaðs- og þróunarríkjum. OECD spáði því í lok síðasta árs að hagvöxtur í aðildarríkjum þess yrði tæp 2% á þessu ári og 2,5% á því næsta og spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í upphafi þessa árs eru samhljóða. Báðar þessar efnahagsstofnanir spá því að milliríkjaværslun aukist um 6% á þessu ári og 6-7% árið 2011.

Hagvöxtur á heimsvísu hefur tekið við sér í kjölfar viðtækra aðgerða stjórnvalda í fjölmörgum ríkjum til að örva eftirspurn, aðgerða til stuðnings fjármálfyrirtækjum og afskipta af fjármálamörkuðum til þess að efla á þeim traust. Almenn er þó talið að hagvöxtur verði fremur hægur á komandi árum þar sem fyrirtæki og almenningur munu þurfa að greiða niður skuldir eftir mikla skuldasöfnun síðustu ára auk þess sem stjórnvöld þurfa víðast hvar að draga úr eftirspurnarhvetjandi aðgerðum sínum.

Verðbólga er mjög lítil í flestum ríkjum, um eða innan við 1%, en alls staðar er mikið atvinnuleysi áhyggjuefni. Í OECD ríkjunum er reiknað með 9% atvinnuleysi að meðaltali á þessu ári, en 10% í Bandaríkjunum og 10,6% í Evrópusambandinu. Talið er að enn sé langt í land að hagvöxtur verði það mikill að draga muni úr atvinnuleysi, en fyrr verður ekki hægt að segja að áhrif efnahagslægdarinnar séu yfirstaðin.


Hagvexti er spáð á þessu ári í flestum þeirra ríkja sem Íslendingar bera sig saman við. Í Vestur Evrópu er þó spáð samdrætti í fjórum ríkjum, þ.e. Írlandi, Grikklandi, Spáni og Íslandi. Þau þrjú fyrstnefndu eru evruríki sem hafa, auk Portúgals og Ítalíu, orsakað veikingu evrunnar vegna mikillar skuldsetningar og hallareksturs hins opinbera.

Á Íslandi nam samdráttur landsframleiðslu 6,5% árið 2009 sem var mun minna en allar efnahagsspár í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 bentu til, en þá var yfirleitt gert ráð fyrir 10-11% samdrætti á árinu 2009 og í kjölfarið tæki hagkerfið að vaxa á ný strax á þessu ári. Þróunin varð önnur og er ljóst að í stað snarps samdráttar og vaxtar strax í kjölfarið verður bið á því að öflugur hagvöxtur hefjist á ný. Ástæður ur þess að samdrátturinn varð ekki meiri í fyrra

en raun bar vitni eru margþættar og má nefna að halli á rekstri ríkissjóðs var gríðarlega mikill, endurskipulagning fyrirtækja hefur tekið lengri tíma en ætlað var, lágt gengi krónunnar hefur hleypt krafti í útflutningsgreinar, ferðaþjónustu og greinar sem keppa við innflutning og greiddir voru út rúmlega 20 ma.kr. af lífeyrisreikningum í séreign.


Einkaneysla landsmanna dróst saman um tæp 15% á árinu 2009 og eru ekki dæmi um svo mikinn samdrátt einkaneyslu frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Þessi samdráttur bættist við 8% samdrátt árið 2008 þannig að einkaneyslan dróst saman um rúmlega fimmtung á þessum tveimur árum. Ljóst er að einkaneyslan þurfti að dragast verulega saman í framhaldi af 40% aukningu hennar á árunum 2003–2007 sem ekki var innistæða fyrir í samsvarandi verðmætasköpun. Samneyslan náði á hinn bóginn á árinu 2009 sínu hæsta hlutfalli af landsframleiðslu fram til þessa, eða 26,1%.

### Hagvöxtur á Íslandi og í þróuðum ríkjum



Heimild: Hagstofan, IMF (jan '10), Seðlabanki (spár 2010-2011)

### Viðskiptajöfnuður og vöru- og þjónustujöfnuður Hlutföll af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands



Fjárfestingar drógust gífurlega mikið saman árið 2009 og námu aðeins 14% af landsframleiðslu sem er lægra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa fjárfestingar að meðaltali numið 25% af landsframleiðslu og 21% síðustu tvo áratugi. Horfur um fjárfestingu á þessu ári eru enn lakari og má í því sambandi t.d. vísa í hagspá ASÍ frá febrúar 2010 þar sem gert er ráð fyrir að fjárfestingar nemi 12% af landsframleiðslu á þessu ári. Það er mikilvægasta verkefni efnahagsstjórnar að koma fjárfestingum af stað á ný en forsendur þess eru þær helstar að vextir lækki, gjaldeyris-höftin hverfi og að starfsskilyrði fyrirtækja verði almennt góð, þ.m.t. stöðugleiki í efnahagsmálum og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi.


## 1.2. MIKILL AFGANGUR Í VIÐSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND

Á síðasta ári voru fluttar út vörur fyrir 501 ma.kr. samanborið við 467 ma.kr. árið 2008 og sem var 20% samdráttur á föstu gengi, en meðalverð erlendra gjaldmiðla hækkaði um 34% milli árana 2008 og 2009. Útfluttar sjávarafurðir námu 207 ma.kr. og iðnaðarvörur 244 ma.kr. Innfluttar vörur námu 411 ma.kr. samanborið við 474 ma.kr. árið 2008 og nam samdrátturinn 35% á föstu gengi.

Árið 2009 var afgangur á vöru- og þjónustu-jöfnuði þjóðarþúsins 120 ma.kr. sem nam 8% af landsframleiðslu. Síðast var afgangur árið 2002 og var hann meiri á síðasta ári en nokkru sinni fyrr, a.m.k. frá 1960, sem er það tímabil sem Hagstofan birtir upplýsingar um. Þessi afgangur nægði þó ekki til að mæta miklum halla vegna vaxtagreiðslna og nam viðskiptahallinn 2,7% af landsframleiðslu. Þessi þróun hefur haldið áfram á þessu ári og nam afgangur á vöruviðskiptum tæplega 21 ma.kr. fyrstu tvo mánuði ársins samanborið við 9 ma.kr. á sömu mánuðum í fyrra. Ástæður þessa mikla afgang og viðsnúnings í utanríkisviðskiptunum er annars vegar mikill samdráttur í kaupmætti almennings vegna gengisfalls krónunnar og hins vegar afar litlar fjárfestingar í atvinnulífinu. Þá hefur lágt raungengi gert landið samkeppnisfærara hvað kostnað varðar og nýtur ekki sist ferðþjónustan góðs af því. Búið er við miklum og vaxandi afgangi í viðskiptum við útlönd á næstu árum.


Sá hluti viðskiptajafnaðarins sem rekja má til vaxta endurspeglar ekki raunverulegt flæði fjármagns þar sem stór hluti vaxtagjaldanna eru ógreiddir, áfallnir vextir „gömlu“ bankanna (Glitnis, Kaupþings og Landsbanka), sem hafa

### Gengi krónu gagnvart evru og USD



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Vaxtamunur milli Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Evrópu



Heimild: Seðlabanki Íslands, ECB

enn ekki verið teknir til endanlegra gjaldþrotaskipta. Seðlabankinn telur að betri mynd fáiast af greiðslufærni til og frá landinu með því að undanskilja gömlu bankana, og nefnir það undirliggjandi viðskiptajöfnuð. Munur á mældum og undirliggjandi viðskiptajöfnuði verður samtals 11-12% af landsframleiðslu á þessu og næsta ári að mati bankans.

Það hefur því myndast undirliggjandi viðskiptaafgangur sem er forsenda styrkingar krónunnar og stöðugleika í efnahagslífinu og afar brýnt að myndarlegur afgangur verði í viðskiptum við útlönd á komandi árum til þess að stöðugleiki festist í sessi og trú á íslenskt efnahagslíf og efnahagsstefnuna styrkist.

### 1.3. GENGI KRÓNUNNAR STÖÐUG EN AFAR LÁGT

Íslendingar hafa staðið frammi fyrir því sígilda vali að ekki er unnt að ná nema tveimur af þremur eftirfarandi stefnumiðum samtímis, þ.e. frjálsum fjármagnsflutningum, stöðugu gengi og sjálfstæðri peningastefnu. Stefnan sem fylgt var frá árinu 2001, og hrundi haustið 2008, byggðist á frjálsum fjármagnsflutningum og sjálfstæðri peningastefnu, en eftir hrundið var höftum komið á fjármagnsflutninga en stefnan sett á að stuðla að sem stöðugustu gengi krónunnar með háum vöxtum auk haftanna.

Þótt löggin um gjaldeyrishöft sem Alþingi samþykkti í lok nóvember 2008 hafi verið viðtæk þá voru í þeim ýmsar glufur sem leiddu til þess að aflandsmarkaður með krónum myndaðist þar sem gengi evru var oftast á bilinu 190-210 krónur fyrir evru, en komst hæst í u.þ.b. 250 kr. í mars 2009. Þótt viðskipti á aflandsmarkaði væru lítil þá var tilhneiging til þess að gengi krónunnar innanlands þrýstist í átt að aflandsgenginu.


Stjórnvöld brugðust við þessari þróun með því að herða gjaldeyrishöftin með lögum og auknu gjaldeyriseftirliti Seðlabankans. Með lagaþreyingu sem tók gildi 1. apríl 2009 var óheimilt að taka við greiðslu fyrir útflutning í íslenskum krónum, nema með vissum skilyrðum, og refsingar við brotum á lögnum voru hertar.

Í byrjun ágúst 2009 gaf Seðlabankinn út áætlun um afnám gjaldeyrishafta í áföngum. Þá var talið að eignarhlutar erlendra aðila í íslenskum krónum næmu 610 ma.kr. sem skiptust þannig að skammtímaeignir næmu 260 ma.kr. en langtímaeignir á borð við ríkisskuldabréf og skuldabréf Íbúðalánasjóðs næmu 350 ma.kr. Í fyrsta áfanga átti að létta höftum af öllu innstreymi erlends gjaldeyris fyrir 1. nóvember 2009 og gekk

það eftir. Í öðrum áfanga áætlunarinnar er greint á milli eignaflokka sem höftum verður aflétt af til-  
tölulega snemma í ferlinu og annarra sem verða heftir um lengri tíma. Höftum á fyrst að aflétta smám saman af þeim eignaflokkum sem hafa fjarlægasta gjalddaga að tilteknum skilyrðum uppfylltum um gjaldeyrisforða o.fl. Að þessum áfanga loknum er stefnt að því að afnema höft af þeim eignaflokkum sem taldir eru kvikastir. Lokastig áætlunarinnar er afnám hafta á notkun íslensku krónunnar í alþjóðaviðskiptum.


Að mati SA eru áform Seðlabankans um afnám gjaldeyrishaftanna afar metnaðarlítill og ýta ekki undir vonir um að trúverðugur markaður með krónuna komist á legg í fjárfélaglegri framtíð. Að mati SA er heppilegasta leiðin til þess að komast frá höftunum sú að ríkið og Seðlabankinn bjóði fram 5 – 15 ára skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum á móti þeim eignum í krónum sem erlendir eigendur þeirra vilja skipta yfir í aðra gjaldmiðla. Á sama tíma þurfi að til-

#### Verðbólga með og án húsnæðisliðar



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn

#### Launaþróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum



Heimild: Hagstofa Íslands, OECD



kynna að öll gjaldeyrishöft verði afnumin innan skamms. Krónan muni hugsanlega veikjast við þetta fyrst um sinn en styrkjast fljótt aftur.

Gengi krónunnar á vormánuðum 2010 er svipað og það var strax eftir hrunið í nóvember 2008. Sú styrking sem varð á fyrri hluta ársins 2009 gekk til baka og hefur gengi krónunnar verið mjög stöðugt í sínu lága gildi frá maí 2009. Seðlabankinn hefur ekki beitt inngripum til styrkingar krónunnar á undanförunum mánuðum þannig að hún helst óstudd við þetta lága gildi en viðskipti á gjaldeyrismarkaði eru litil og útflytjendur vöru og þjónustu skipta eins litlum gjaldreyri og þeir komast mögulega af með en leggja hann fremur inn á gjaldeyrisreikninga.

#### 1.4. VEXTIR LÆKKA HÆGT

Frá því peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað að stýrivextir bankans (vextir á lánum gegn veði til sjö daga) yrðu 12% í júní 2009 voru þeir óbreyttir í fimm mánuði fram til nóvember og

desember þegar þeir voru lækkaðir um 1% í hvort skipti. Á árinu 2010 hafa þeir verið lækkaðir í hægari skrefum, um 0,5% í febrúar og mars og stóðu í 9% eftir síðustu lækkun. Allan þennan tíma hafa stýrivextir Seðlabanka Evrópu verið 1% og stendur því vaxtamunurinn í 8%.

Raunar eru útlánsvextir Seðlabankans í aðalatriðum óvirkir þar sem bankar þurfa í takmörkuðum mæli á lánaþyrngreiðslu Seðlabankans að halda. Þvert á móti eiga þeir miklar innstæður í bankanum og því mynda þeir vextir sem Seðlabankinn býður innlánsstofnunum á viðskiptareikningum, 7,5% í mars 2010, gólf fyrir útlánsvexti bankanna.


Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur rökstutt ávarðanir sínar með því að hún líti til gengisþróunar, verðbólgu, skuldatryggingarálags og að forðast beri að þurfa að hækka vexti við afnám gjaldeyrishafta. Seðlabankinn lítur þannig ekki á það sem hlutverk peningastefnunnar að örva hagkerfið eins og gert hefur verið í flestum þeim ríkjum sem Íslendingar bera sig við og telur raunar alls óvíst að lægri vextir myndu hvetja að marki til aukinna fjárfestinga við ríkjandi aðstæður.

Samtök atvinnulífsins hafa hins vegar hamrað á því að hár fjármagnskostnaður hér á landi og takmarkaður aðgangur að erlendu lánsfé leiðir til þess að fyrirtæki sjá sér ekki fært að fjárfesta nema í afar takmörkuðum mæli. Háir vextir framlengja kreppuna og skaða efnahagslífið til lengri tíma vegna þess að ef ekki er fjárfest þá verða engin ný störf sköpuð. Til marks um þetta sögðu rúmlega sex af hverjum tíu aðildarfyrirtækjum SA í október 2009 að umtalsverð lækkun stýrivaxta myndi hvetja fyrirtækin til fjárfestinga. Það er því til mikils að vinna þar sem fjárfestingar þeirra eru í sögulegu lágmarki.

#### 1.5. VERÐBÓLGAN ENN KNÚIN AF GENGISLÆKKUNUM


Í mars 2010 var verðbólgan 8,5%, þ.e. hækkun vísitölu neysliverðs síðustu 12 mánuði. Þar af höfðu innlendir vöruliðir hækkað um 7,9% en innfluttir um 17,1%. Það liggur því fyrir að gengislækkun krónunnar er enn að seytle inn í vöruverð þótt krónan hafi verið stöðug undanfarna mánuði. Hækkanir á óbeinum sköttum, virðisaukaskatti og ýmsum vörugjöldum, hafa einnig sitt að segja og valda ekki síst hækkun á innfluttum vörum. Svokölluð fastskattavísitala hefur hækkað um 7,1% síðustu 12 mánuði þannig að 1,4% af verðbólgunni má rekja til hækkana á óbeinum sköttum sem tóku gildi um síðustu áramót og upp úr miðju síðasta ári.

#### Hækkun launa eftir atvinnugreinum frá 4. ársfjórðungi 2007 – 4. ársfjórðungs 2009



Heimild: Hagstofa Íslands

#### Hækkun launa eftir starfsstéttum frá 4. ársfjórðungi 2007 til 4. ársfjórðungs 2009



Heimild: Hagstofa Íslands

Ætla má að áhrif skattahækkanna séu að mestu komin fram í vöruverði um þessar mundir. Lækkun á fasteignaverði hefur dregið mjög úr hækkun á vísitölu neysluverðs en vísitalan án húsnæðis hækkaði um 12,0% síðustu 12 mánuði fram til mars 2010. Til marks um lækkun íbúðaverðs þá lækkaði vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu um 10% frá febrúar 2009 til jafnlengdar 2010 sem samsvarar 23% lækkun að raungildi.

Við samanburð á hækkun innfluttra vara í vísitölu neysluverðs og hækkun gjaldmiðla undanfarin misseri verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að hluti gengislækkunarinnar sé ekki kominn fram í verðlagi. Ástæðan er einfaldlega sú að innflytjendur og framleiðendur hafa ekki getað velt kostnaðarhækkunum út í verðlag vegna dræmrar eftirspurnar. Sem dæmi má taka að erlendir gjaldmiðlar hafa tvöfaldast í verði frá október 2007 en innfluttar vörur hafa hækkað um rúmlega 50%. Í ljósi þess að innfluttar vörur vegna um 40% í vísitölu neysluverðs má leiða líkur að því að u.þ.b. 10% verðlags-hækkun geti verið í pípunum, þegar fram í sækir og eftirspurn glæðist á ný, ef gengi krónunnar styrkist ekki umtalsvert.


Spár um að verðbólguþrögn Seðlabankans náist í lok þessa árs eða byrjun þessa næsta byggja því á því að verðbólguþrögn af völdum gengislækkunarinnar komi ekki öll fram í verðlagi. Um spárnar má einnig segja að þær byggist á því að laun muni ekki elta verðlags- og gengisþróun en á því er ávallt hætta við þær aðstæður sem skapast hafa. Það má því leiða líkur að því að forsenda þess að markmið um 2-3% verðbólgu náist á næstu misserum sé sú að gengið styrkist verulega, því annars er hætt við því að hækkun á verði innfluttra vöru setji markmiðið úr skorðum og að efnahagslífið festist í víxlverkandi hækkunum launa og verðlags, sem síðan mun leiða til enn veikara gengis.

### 1.6. LAUNAHÆKKANIR MIKLAR EN KAUPMÁTTUR FELLUR

Launahækkanir samkvæmt kjarasamningum SA og aðildarféлага ASÍ fyrir tímabilið 2008–2010 áttu að koma til framkvæmda 1. mars 2009. Með samkomulagi milli SA og samninganefndar ASÍ voru þær fluttar til þannig að helmingur hækkunar kauptaxta tók gildi 1. júlí og hinn helmingurinn 1. nóvember 2009. Launaþróun- artrygging, 3,5%, kom til framkvæmda 1. nóvember og þær hækkanir sem áttu að eiga sér stað 1. janúar 2010 voru fluttar til 1. júní 2010.


Þessar hækkanir samkvæmt samningum á almennum vinnumarkaði leiddu til þess að launahækkanir á Íslandi urðu meiri en að jafnaði í nálægum ríkjum. Samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar fyrir almennan markað hækkuðu laun að meðaltali um 2,4% milli árana 2008 og

Launaþróun og kaupmáttur skv. launavísitölu fyrir almennan markað 2004–2009




Heimild: Hagstofa Íslands

Kaupmáttarþróun á almennum og opinberum vinnumarkaði 2004–2009



Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun raungengis Árið 2000 = 100



Heimild: Hagstofan, Fjármálaráðuneytið


2009. Til samanburðar hækkuðu laun í OECD-ríkjunum um 0,1% að meðaltali milli árunna og um 0,8% að meðaltali á evrusvæðinu. Þannig hækkuðu laun á Íslandi meira en í viðskiptalöndunum þrátt fyrir að efnahagskreppan bitnaði harðar á efnahagslífinu hér á landi. Spár OECD

standa til þess að laun hækki um 3,2% á Íslandi á þessu ári, um 1,9% að meðaltali í OECD-ríkjunum og um 1,1% á evrusvæðinu og spár fyrir 2011 eru svipaðar. Spár ganga þannig út frá því að launahækkunarir verði hér eftir sem hingað til meiri á Íslandi en í viðskiptalöndunum og verðbólga þar af leiðandi meiri.

Yfirstandandi efnahagslægð á Íslandi hófst á fyrstu mánuðum ársins 2008. Á því tímabili efnahagslægðarinnar sem liðið er, á tveggja ára tímabilinu frá 4. ársfjórðungi 2007 til jafnlengdar 2009, hækkuðu laun að jafnaði um 10%. Hækkunarirnar voru þó mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Mestar voru þær í iðnaði annars vegar og samgöngum og flutningum hins vegar, á bilinu 12,5-13%. Áhrif kjarasamninga eru mest í þessum atvinnugreinum og endurspeglar þá þróun að hækkan launa samkvæmt kjarasamningum var mun meiri en hækkan markaðslauna. Þar sem laun ákvarðast að mestu í ráðningarsamningum hafa þau að mestu verið óbreytt eða lækkað. Frávikid frá því var almenn launaþróunartrygging, 3,5%, sem kom til framkvæmda 1. nóvember 2009 og launaþróunartrygging í febrúar 2008, en aðrar samningsbundnar launahækkunarir á tímabilinu voru í formi hækkanar á samningsbundnum kauphöxtum. Erfiðleikar í fjármálaþreiga og byggingarstarfsemi endurspeglar í launaþróuninni en laun hækkuðu að meðaltali minnst í þessum greinum, eða 4,5% og 7,7%. Þessi meðaltöl endurspeglar annars vegar launahækkunarir þeirra hærra launuðu í þessum greinum og hækkanir kaupaxta kjarasamninga bankamanna og byggingarverkamanna. Laun í verslun hækkuðu eins og heildin, um 10,1%. Visitala neysluverðs hækkaði um 26,8% á þessu tveggja ára tímabili og kaupmáttur launa á almennum markaði minnkaði þannig um 13,3%.


Breytileiki launahækkana er enn meiri þegar litið er til einstakra starfsstétta og þarf að fara áratugi aftur í tímann til þess að sjá svo ójafna launaþróun. Laun verkafólks hækkuðu langmest, um 16,3%, en hafa þar í huga að samningsbundnar hækkanir kaupaxta verkafólks voru u.þ.b. 23% á tímabilinu, og meirihluti verkafólks tekur laun beint samkvæmt umsömdum kauphöxtum kjarasamninga. Næst mest hækkuðu laun hjá skrifstofufólki, 13,1%, sem kemur verulega á óvart þar sem fæstir skrifstofumenn taka laun samkvæmt kauphöxtum. Næst þar á eftir kemur afgreiðslufólk, með 12,5% hækkan en algengt er að afgreiðslufólk taki laun samkvæmt kauphöxtum kjarasamninga og þeir hækkuðu

### Hlutur launa og tengdra gjalda í verðmætasköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)




Heimild: Hagstofan, vefur Eurostat, mars 2010. Áætlun SA fyrir 2009

### Visitala efnahagslífsins



Heimild: Könnun Capacent's á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja

### Fjöldi starfandi fólks og atvinnuþátttaka (%) í hlutfalli við mannafla



Heimild: Hagstofa Íslands

eins í krónum talið og kauptaxtar verkafólks. Laun iðnaðarmanna annars vegar og tækna og sérmenntaðs starfsfólks hins vegar hækkuðu um 9,4% og 8,1%, en minnst hækkuðu laun stjórnenda og sérfræðinga, um 2,7% og 5,4%. Þannig voru launahækkningar á þessu tímabili í öfugu hlutfalli við menntun og ábyrgð.

Á síðustu sex árum, frá 2004–2009, ein- kenndust fyrstu fjögur árin af kröftugri upp- sveiflu í efnahagslífinu og mikilli þenslu á vinnumarkaði og síðustu tvö árin af krappri efnahagslægd. Á þessu sex ára tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 51,8% en kaupmáttur launa minnkaði um 1,8%. Kaupmáttur launa náði hámarki á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 og var þá 14% hærri en á fyrsta ársfjórðungi 2004. Frá 1. ársfjórðungi 2008 til fjórða ársfjórðungs 2009 féll kaupmáttur launa um sama hlutfall, 14%.

Samanburður á launa- og kaupmáttarþróun á almennum og opinberum vinnumarkaði frá ársbyrjun 2004 til loka 2009 leiðir í ljós að í lok tímabilsins var staðan nákvæmlega sú sama og í upphafi þess. Launavísitölur beggja vinnumarkaðanna hækkuðu um 51,5% og kaupmáttur launa rýrnaði um 2%. Á fyrstu árum tímabilsins var kaupmáttarþróunin hag- stæðari á almennum vinnumarkaði vegna þess að kjarasamningar voru endurnýjaðir einu ári fyrr en hjá opinberum starfsmönnum og að á hámarki þenslutímabilsins var launaskrið meira á almennum markaði. Á tímabili efnahags- lægðarinnar hefur kaupmáttarþróun opinberra starfsmanna ekki verið eins óhagstæð og á almennum markaði vegna meiri áhrifa kjarasamninga á laun þeirra og kaupmáttarfallið verið 9% frá hápunktinum á fyrsta ársfjórðungi 2008.

### 1.7. RAUNGENGI Í SÖGULEGU LÁGMARKI

Raungengi er vísitala sem ber saman kostnaðarþróun hér á landi og í viðskiptalöndunum. Seðlabankinn reiknar tvær vísitölur sem annars vegar miða við verðbólgu og hins vegar launaþróun. Raungengi er skilgreint sem hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á einingu hérlandis annars vegar og í viðskiptalöndunum hins vegar. Miðað er við tiltekið grunnár og mælt í sama gjaldmiðli. Raungengi er mikilvægur mælikvarði á alþjóðlega samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs hvað kostnað varðar borið saman við erlenda keppinauta.

Raungengivísitölurnar eru settar á 100 árið

2000. Frá árinu 1980–2008 var raungengi á mælikvarða verðlags 98 stig að meðaltali og 99 á mælikvarða launa. Raungengið hækkaði mikið á árunum 2003 til 2007 og var hæst 8-11% yfir sögulegu meðaltali og átti mikinn þátt í viðskiptahallanum sem myndaðist. Fyrir þessari hækkun var ekki innistæða og einungis spurning um tíma hvenær raungengið myndi lækka á ný og nálgast sögulegt meðaltal sitt. Hrun krónunnar hefur hins vegar gerbreytt stöðunni og lækkað raungengið svo mikið að það hefur ekki mælst lægra frá því útreikningar þess hófust. Árið 2009 var það tæplega 30% lægra en sögulegt meðaltal á mælikvarða verðlags og rúmlega 35% á mælikvarða launa. Á fjórða ársfjórðungi 2009 var það orðið rúmlega 30% lægra á verðlagskvarðann og tæplega 40% lægra á launakvarðann. Ljóst er að þessi skekkta afstaða verðlags, launa og gengis getur ekki varað mjög lengi og mun raungengi að öllum líkindum hækka á ný á komandi árum. Spurningin er hvort það gerist með hækkun gengis krónunnar eða með meiri verðbólgu og launahækkunum en í viðskiptalöndunum. Það skiptir sköpum fyrir þróun íslensks efnahagslífs hvor leiðin verður ofan á því verðbólguleiðin mun draga þróttinn úr atvinnulífinu, halda vöxtum háum og hamlar fjárfestingum og hagvexti. Það er því mikið í húfi að gengi krónunnar styrkist umtalsvert á næstunni.



### 1.8 LAUNAHLUTFALLIÐ LÆKKAR

Skipting virðisaukans sem verður til í atvinnurekstri milli launa og vergs rekstrarhagnaðar er vísbending um hag atvinnurekstrar. Upplýsingar um skiptingu landsframleiðslu eftir framleiðsluþáttum liggja fyrir um tímabilið 1973–2008 og var hlutur launa í verðmætasköpuninni 63,6% að meðaltali á öllu tímabilinu. Hlutfallið var 62,5% á tímabilinu 1995–2002 en tók þá að hækka ár frá ári og fór hæst í 71,6% á árinu 2007 og hefur það aldrei verið hærra. Það lækkaði síðan verulega á árinu 2008, eða í 64,5%, og lausleg áætlun SA bendir til þess að það hafi farið niður í 58-59% á árinu 2009. Það er svipað hlutfall og var árið 1997.

Í ESB-ríkjunum í heild hefur launahlutfallið haldist fremur stöðugt undanfarinn áratug og verið á bilinu 54-56%. Launahlutfallið hér á landi hefur þannig verið mun hærra en almennt gerist í ESB-ríkjum undanfarin ár en er nú orðið sambærilegt.

### 1.9. HORFUR Í ATVINNULÍFI

Ársfjórðungslegar kannanir Capacents fyrir SA á mati stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins á stöðu og horfum í atvinnulífinu hafa ítrekað staðfest þá miklu erfiðleika sem við er að etja. Vísitala efnahagslífsins, en gildið 200 merkir að allir telji stöðuna góða og núll að engir telji hana það, hefur verið í botni frá því í desember 2008. Í síðustu mælingu, í mars 2010, töldu aðeins tæplega 2% að staðan væri góð en 87% að hún væri slæm. Álíka margir töldu hins vegar að staðan yrði betri eftir sex mánuði og að hún yrði verri, þ.e. gildið var nálægt 100. Töluverðrar bjartsýni gætir hins vegar um stöðuna eftir 12 mánuði og töldu 53% að hún yrði betri en

aðeins 20% að hún yrði verri. 14% fyrirtækja töldu að starfsmönnum myndi fjölga á næstu sex mánuðum en 24% töldu að þeim myndi fækka. Aðrir bjuggust við óbreyttum starfsmannafjölda.

### 1.10. STÖRFUM FÆKKAR OG ATVINNULEYSI VEX


Störfum fækkaði um 11.000 milli árána 2008 og 2009 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, eða úr tæplega 179 þúsund í 168 þúsund. Samdrátturinn er enn meiri þegar litið er til þess að fullum störfum fækkaði um 13.400 en hlutastörfum fjölgaði um 2.500, en mörg fyrirtæki brugðust við minnkandi eftirspurn með því að breyta heilum störfum í hlutastörf. Meðalvinnutími styttest einnig umtalsvert, um tæpar tvær stundir á viku. Vinnustundum í heild fækkaði því úr 7,4 milljónum í 6,7 eða um 10,5%. Minnkun heildarvinnuálags í efnahagslífinu er einn skýrasti mælikvarðinn á minnkandi verðmætasköpun og þá aðlögun og umbreytingu sem á sér stað og er framundan. Þrátt fyrir þessa miklu fækkun starfa á árinu 2009 var fjöldi þeirra svipaður og á árinu 2006 og mun meiri en árið 2005. Atvinnuþátttaka var um 81% sem er svipað hlutfall og árið 2004 og er þátttakan enn mjög mikil í alþjóðlegum samanburði.

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnuálagstofnun var 8,0% á árinu 2009 samanborið við 1,6% árið 2008. Þetta er meira atvinnuleysi en mælt hefur. Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur atvinnuleysi verið um og yfir 9% og má ætla að það fari heldur vaxandi miðað við árið 2009 vegna áframhaldandi samdráttar í atvinnulífinu og þeirrar endurskipulagningar í atvinnulífinu sem er framundan.

Á árinu 2009 var atvinnuleysi karla 8,8% og kvenna 7,1%. Á höfuðborgarsvæðinu var það 8,8% en 6,6% á landsbyggðinni. Rúmur þriðjungur atvinnulausra hafði verið það lengur en 6 mánuði og teljast því langtíma atvinnulausir. Búið er við því að í þessum hópi fjölgi mikið á árinu. Samkvæmt nýjustu upplýsingum voru 52% atvinnulausra með grunnskólapróf eingöngu, 17% með iðnmenntun, 17% með stúdentspróf eða sambærilegt og 14% með háskólamenntun.

Störfum þarf að fjölga um a.m.k. 16.000 fram til ársins 2015 til þess ná markmiði um fulla atvinnu það ár. Gera má ráð fyrir því að hagvöxtur á komandi árum verði tiltölulega mannaflsfrækur vegna lágs raungengis krónunnar og mikils vaxtar þjónustugreina á borð við ferðaþjónustu. Sé gengið út frá því að hverri

Atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálagstofnun



Heimild: Vinnuálagstofnun





prósentu í hagvexti fylgi 0,4% fjölgun starfa á næstu árum þá þarf hagvöxtur að vera 5% hvert árum 2011–2015 til þess að störfum fjölgi um 16.000. Verði hagvöxtur minni, t.d. 3,5% að jafnaði, eins og hann hefur verið síðustu hálfa öld, þá verður atvinnuleysi 5-6% og ef hagvöxtur verður 2% að jafnaði þá verður atvinnuleysi rúm 8% árið 2015. Þessir framreikningar byggja á því að jafnvægi verði í aðflutningi og brottflutningi til og frá landinu.

### 1.11. NIÐURSKURÐUR RÍKISÚTGJALDA FRAMUNDAN

Jafnvægi í ríkisfjármálum er ein lykilforsenda fyrir endurreisn efnahagslífsins og stöðugleika í efnahagsmálum. Samkvæmt samstarfsáætlun Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins er stefnt að því að jöfnuður komist á rekstur ríkissjóðs árið 2013 og að frumjöfnuður, þ.e. tekjujöfnuður að frátöldum vaxtatekjum og vaxtagjöldum, verði orðinn jákvæður árið 2011. Þessi stefnumörkun var áréttuð í endurskoðaðri skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013, sem birt var í júlí 2009. Í skýrslunni var sett fram sú stefnumörkun að frumjöfnuður ríkissjóðs minnki úr -7,7% af landsframleiðslu (VLF) árið 2009 í -1,6% árið 2010 og að afgangur árið 2011 verði 3,4%.

Fjármálaráðherra kynnti nýjar upplýsingar um afkomu ríkissjóðs árið 2009 á ráðstefnu SA um atvinnumál þann 12. mars 2010. Fram kom að tekjur hefðu verið meiri og gjöld minni en samkvæmt fjárlögum ársins. Jöfnuður hefði verið neikvæður um 137 ma.kr. eða um 9,1% af landsframleiðslu. Þetta er mun minni halli en áætlað var síðastliðið haust þegar hann var áætlaður 182 ma.kr. eða 12,4% af landsframleiðslu. Frumjöfnuðurinn er einnig minni en í fyrri áætlunum og er nú talinn hafa verið -6,7% af landsframleiðslu í stað -7,7% eins og áður var talið.

Samkvæmt fjárlögum 2010 er tekjujöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 99 ma.kr., eða 6,3% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, og frumjöfnuður neikvæður um 2,6% af landsframleiðslu. Ef

### Afkoma ríkissjóðs 2009

	Fjárlög	Útkoma	% af VLF
Heildartekjur	412.091	414.605	27,6%
Heildargjöld	567.115	551.457	36,8%
Heildarjöfnuður	-155.025	-136.852	-9,1%
Frumtekjur	364.699	370.979	24,7%
Frumgjöld	482.345	471.676	31,4%
Frumjöfnuður	-117.647	-100.697	-6,7%

Heimild: Fjármálaráðherra 12. mars 2010

markmið fjárlaga um frumhalla næst og áfram verður unnið að markmiði um 3,4% afgang árið 2011 þyrfti frumjöfnuður að batna um 6% af landsframleiðslu, sem samsvarar 90 ma.kr. Í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda var samið um að skattahækkunar yrðu að hámarki 45% af aðlögunarþörf ríkissjóðs á árunum 2009–2011. Skattahækkunar hafa hingað til verið mun stærri hluti aðgerða í ríkisfjármálum en lækkunar gjalda og er það mat SA að það þurfi að koma til 50 ma.kr. lækkun gjalda áður en frekari skattahækkunar geta komið til greina samkvæmt framangreindri reglu.

Fjármálaráðuneytið birti þann 15. mars sl. yfirlit yfir skuldir og peningalegar eignir ríkissjóðs. Þar kom fram að heildarskuldir ríkissjóðs jukust úr 310 ma.kr. árið 2007 í 1.176 ma.kr. í lok árs 2009. Heildarskuldirnar námu 78% af landsframleiðslu í árslok 2009. Innendar markaðsskuldir námu 625 ma.kr. og skuldir vegna endurreisnar á bankakerfinu námu 186 ma.kr., þannig að innendar skuldir námu 820 ma.kr. Á móti þessum skuldum komu innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum að fjárhæð 164 ma.kr. og eignarhlutar í bönkunum og lánveitingar til þeirra. Erlendar skuldir ríkissjóðs námu 356 ma.kr. en á móti þeim stendur gjaldeyrisvaraförði að fjárhæð 281 ma.kr. Hreinar erlendar skuldir ríkissjóðs voru því 75 ma.kr. að mati ráðuneytisins.

### Eignir og skuldir ríkissjóðs í lok árs 2009

	Ma.kr.	% af VLF
<b>Skuldir</b>		
– Innlend lán	820	
– Erlend lán	356	
Skuldir samtals	1.176	78%
<b>Peningalegar eignir</b>		
Innstæður og veitt lán	596	40%
<b>Hreinar skuldir</b>	580	39%

Heimild: Fjármálaráðuneytið 15. mars 2010



# KJARAMÁL OG SAMNINGAR

## 2.1. FRESTUN LAUNABREYTINGA OG STÖDUGLEIKASÁTTMÁLI

Í kjarasamningum SA og landssambanda ASÍ frá 17. febrúar 2008 voru launabreytingar ráðgerðar 1. febrúar 2008, 1. mars 2009 og 1. janúar 2010. Við hrun fjármálakerfisins og fall íslensku krónunnar brustu forsendur samninga. SA lögðu þá til að öllum launabreytingum kjarasamninga yrði frestað til ársins 2010. Hætta væri á að SA neyddust ella til að falla frá framlengingu kjarasamninga frá og með 1. mars 2009. Tillagan var kynnt samninganefnd ASÍ sem hóf þá viðtækt samráð við aðildarfélög sín um gerð gagnaþóðs. Töldu aðildarfélögin fysislegra að fresta endurskoðun samninga um nokkra mánuði og leita á þeim tíma leiða til að treysta forsendur kjarasamninga og varðveita þær launahækkunir sem samningarnir frá febrúar 2008 gerðu ráð fyrir. Samkomulag náðist milli SA og samninganefndar ASÍ 25. febrúar 2009 um breytingar á kjarasamningum og frestun endurskoðunar. Samkvæmt samkomulaginu var fyrirhuguðum launahækkunum 1. mars frestað og ákveða skyldi tímasetningar launabreytinga fyrir júnílok 2009.

Viðræður hófust við ASÍ þegar í maí samhlíða viðræðum um „stöðugleikasáttmála“ með aðkomu ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga opinberra starfsmanna. SA lögðu á það áherslu að ekki gæti komið til hækkunar launa nema verulegar breytingar yrðu á starfsumhverfi atvinnulífsins með lækkun stýrivaxta, afnámi gjaldeyrishafta og verklegum framkvæmdum. Samkomulag náðist 25. júní 2009 um fyrirkomulag launabreytinga og var stöðugleikasáttmálinn undirritaður á sama tíma.

Samkvæmt samkomulagi SA og samninganefndar ASÍ var kaupertaxtahækkun, sem ráðgerð hafði verið 1. mars 2009, skipt þannig að helmingur hennar kom til framkvæmda 1. júlí, 6.750 kr. á taxta verkafólks og 8.750 á taxta iðnaðarmanna, og hinn helmingurinn þann 1. nóvember 2009 auk þess sem 3,5% launapróunartrygging kom til framkvæmda á síðari dagsetningunni. Hækkun kaupertaxta 1. janúar 2010 og 2,5% almennri launahækkun var frestað til 1. júní 2010. Nýr endurskoðunarpunktur var í lok október 2009 í því skyni að meta framgang þeirra mála sem samið var um í stöðugleikasáttmálanum og þróun hagstærða.

Markmið stöðugleikasáttmálans var m.a. að stuðla að stöðugu verðlagi, lægri vöxtum, stöðugu og hærra gengi krónunnar og skapa þannig skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum. Í sáttmálanum var kveðið á um áherslur í ríkisfjármál-

um, ráðstafanir í þágu heimilanna, framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu, endurreisn bankanna, afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta og fleiri aðgerðir til að bæta stöðu atvinnulífs og heimila. Auk þessara atriða settu SA fram fyrirvara gagnvart framlengingu kjarasamninga að vinna á vegum ríkisstjórnarinnar um endurskoðun fiskveiðistjórnunar yrði í þeim sáttafarvegum sem lagt var upp með við skipan nefndar til þess að vinna að því máli.

Í lok október 2009 var enn komið að ákvörðun um hvort kjarasamningar skyldu framlengdir. Í ljósi þess að lítið var um efndir stjórnvalda á stöðugleikasáttmálanum var stjórn SA mjög efins um réttmæti þess að framlengja samninga og staðfesta með því launabreytingar 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010. Á elleftu stundu var sú ákvörðun tekin að kjarasamningar skyldu halda gildi sínu.

Þann 22. mars 2010 ákvað stjórn SA að segja sig frá stöðugleikasáttmálanum með þeim rökum að stjórnvöld hefðu í raun vísað samþökunum frá sáttmálanum með vanefndum og hægagangi í ýmsum málum. Þau mál sem mestri óánægju hafa valdið í atvinnulífinu snúa einkum að því að áform um atvinnuskapandi framkvæmdir og fjárfestingar hafa ekki gengið eftir, vextir eru enn allt of háir, gjaldeyrishöftin hafa fest sig í sessi og umfjöllun um breytingar á fiskveiðistjórnkerfinu hafa ekki farið í þann sáttafarveg sem stefnt var að.

## 2.2. FLUGSTÉTTIR

Kjarasamningar flestra flugstétta voru einungis gerðir til eins árs árið 2008 og runnu út á fyrstu mánuðum ársins 2009.

### Flugvirkjar

Kjarasamningur við Flugvirkjafélag Íslands (FVFI) vegna Icelandair var gerður í júní 2009 með gildistíma til 31. október 2009. Samið var um breytingar á forgangsrétti til starfa en samningurinn fól ekki í sér launahækkunir. Boðað verkfall sem hefjast átti þann 8. júní kom því ekki til framkvæmda. Samningaviðræður hófust að nýju í lok október. Krafist var ríflega 25% launahækkunar og boðað verkfall frá 22. febrúar. Samningar tókust fyrir hádegi þann sama dag og var verkfallinu sem staðið hafði frá því um nóttina því frestað. Kjarasamningurinn sem kvað á um svipaðar launahækkunir og samið hafði verið um við aðra auk greiðslu vegna hagræðingar vegna upptöku 4 daga vinnuviku var felldur í atkvæðagreiðslu. Samningaviðræður hófust því að nýju

hjá Ríkissáttasemjara en reyndust árangurslausar þrátt fyrir óformlega tillögu sáttasemjara til lausnar deilunni og hófst verkfall því að nýju kl. 01 þann 22. mars. Síðdegis þann sama dag var verkfallið bannað með lögum og síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 30. nóvember 2010. Í lögnum er jafnframt tekið fram að aðilum sé heimilt að semja um breytingar á kjarasamningi eða gera nýjan en ekki megi knýja þær fram með vinnustöðvunum.

Kjarasamningar við FVFÍ vegna Atlanta tókust þann 8. mars 2010 en verkfall hafði verið boðað frá 15. mars. Áður boðað verkfall stóð frá 21. til 24. febrúar 2010 en var þá aflýst vegna formgalla.

Þegar þetta er ritað standa samningaviðræður við flugvirkja Flugfélags Íslands yfir en síðast gildandi samningur þess félags sem gerður var í júní 2009 rann út þann 31. október 2009.

### Flugfreyjur

Kjarasamningur tókust milli Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) og Icelandair á Þorláksmessu 2009 eftir langvarandi samningaviðræður þar sem deilt var um forgangsrétt til starfa í leiguflugi

og ráðningar og framgang flugfreyja og -þjóna. Gildistími samningsins er til 30. nóvember 2010 og launahækkanir svipaðar og almennt hefur verið samið um. Gengið var frá samningnum og hann undirritaður þann 4. janúar 2010.

Kjarasamningur FFÍ við SA vegna Iceland Express rann út 1. september 2009. Þegar þetta er ritað standa viðræður yfir. Kjarasamningaviðræður vegna Flugfélags Íslands eru einnig að hefjast.

### Flugmenn

Kjarasamningur milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og Icelandair var undirritaður þann 1. febrúar 2010 eftir erfiðar samningaviðræður og undir verkfallshótun en boðað hafði verið verkfall 4 – 6. febrúar og ótímabundið frá 11. febrúar. Megináhersla FÍA sneri að fyrirkomulagi frídaga og bakvakta. Launahækkanir samkvæmt samningnum sem gildir til 31. janúar 2011 eru sambærilegar við það sem almennt hefur verið samið um.

Viðræður við FÍA vegna Flugfélags Íslands og Flugfélagsins Atlanta standa yfir þegar þetta er skrifað.







### Flugumsjónarmenn

Sérstakir kjarasamningar eru við Félag flugumsjónarmanna vegna Icelandair, Flugfélags Íslands og Flugfélagsins Atlanta. Gengið var frá kjarasamningum vegna Icelandair 24. febrúar 2010 og Flugfélagsins Atlanta 26. febrúar 2010 með gildistíma til 31. janúar 2011.

### Flugumferðarstjórar

Kjarasamningur Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) við Samtök atvinnulífsins vegna Flugstoða ohf. rann út 31. október 2009 og með stofnun Keflavíkurflugvallar ohf. tóku SA einnig yfir samningsumboð vegna þess fyrirtækis. Viðræður milli FÍF og SA vegna fyrirtækjanna hafa staðið yfir síðan í lok september 2009 en deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara í desember 2009. Eftir árangurslausar viðræður boðuðu flugumferðarstjórar til 5 sjálfstæðra verkfalla á tímabilinu 10. – 19. mars, fjóra klst. í senn. Verkfall kom til framkvæmda þann 10. mars en daginn eftir samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp á Alþingi um bann við vinnustöðvunum vegna vinnudeilunnar. Áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi aflýsti FÍF boðuðum verkföllum 12. og 15. mars og síðustu tveimur verkföllum var einnig aflýst þegar ljóst var samningar tækjust ekki áður en þau áttu að koma til framkvæmda. Enn hafa ekki tekist samningar á milli FÍF og SA en félagið undirbýr atkvæðagreiðslu um yfirvinnubann og frekari aðgerðir í sumar.

### Flugmálastarfsmenn

Viðræður hafa einnig staðið yfir við Félag flugmálastarfsmanna (FFR) og SFR um nýjan kjarasamning vegna um 200 félagsmanna þeirra hjá Flugstoðum og Keflavíkurflugvelli. Viðræður hófust einnig haustið 2009 við stéttarfélag slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli en þær hafa legið niðri um hríð.



### 2.3. BLAÐAMENN

Kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands rann út 31. október 2008 og hófust viðræður um nýjan kjarasamning þá um haustið. Þær viðræður frestuðust eftir hrun bankakerfisins og voru teknar upp að nýju í september 2009. Viðræðunum var vísað til Ríkissáttasemjara í lok október 2009 en nýr kjarasamningur til ársloka 2010 var undirritaður 2. desember 2009.

### 2.4. LYFJAFRÆÐINGAR

Kjarasamningur SA við Lyfjafræðingafélag Íslands runnu út þann 15. desember 2009. Samningur vegna lyfjaframleiðenda var framlengdur ótímabundið í janúar 2010 en viðræður eru ekki hafnar vegna kjarasamningsins sem nær til apóteka.

### 2.5. NORÐURÁL

SA hafa aðstoðað Norðurál í viðræðum við stéttarfélagin um endurnýjun vinnustaðasamnings sem rann út 31. desember 2009. Stéttarfélagin visuðu deilunni til Ríkissáttasemjara og hafa boðað aðgerðir til að þrýsta á framgang krafna sinna. Kjarasamningurinn tekur þó fyrir að vinnustöðvun sé beitt í kjaradeilu.

### 2.6. ÁGREININGUR UM FRESTUN LAUNABREYTINGA

Drifandi stéttarfélag í Vestmannaeyjum sendi SA bréf í júlí 2009 og óskaði eftir viðræðum um endurnýjun aðalkjarasamnings. Félagið taldi samning aðila vera lausan enda afstaða SA sú að ekki væri hægt að standa við umsamdar launabreytingar. SA höfnuðu þeirri beiðni enda ljóst að mati samtakanna að stéttarfélagið væri bundið af samkomulagi SA og samninganefndar ASÍ um breytingar á kjarasamningum og frestun launabreytinga. Drifandi stefndi SA fyrir Félagsdóm og krafðist viðurkenningar á því að félagsmenn ættu rétt á launabreytingum í samræmi við upphaflegan kjarasamning, þ.e. 1. mars 2009 og 1. janúar 2010. Gert er ráð fyrir að dómur falli í málinu í maí.

Ágreiningur er einnig um frestun launabreytinga skv. kjarasamningum Skipta og dótturfélaga við RSÍ vegna Félags íslenskra símamanna (FÍS). Stéttarfélagið telur að samkomulag SA og samninganefndar ASÍ frá 25. júní 2009 um frestun launabreytinga nái ekki til kjarasamnings aðila en SA hafa andmælt þeirri túlkun. Málið kemur því til kasta Félagsdóms og er reiknað með að dómur falli í maí.

# STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

## 3.1. ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Áætlanir sem gerðar voru fyrir Ábyrgðasjóð launa vegna ársins 2009 stóðust að mestu leyti, en gert var ráð fyrir töluverðri aukningu útgjalda. Við því var brugðist með hækkan framlags úr tryggingagjaldi. Þann 1. júlí 2009 hækkaði framlag til Ábyrgðasjóðs úr 0,10% í 0,20% og þann 1. janúar 2010 í 0,25%. Þrátt fyrir auknar tekjur stóðu þær ekki undir útgjöldum ársins 2009.

Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 1.928 m.kr. árið 2009 og hafa þær hækkað um 111% milli ára. Þar af voru um 772 milljónir vegna launa og orlofs og um 757 m.kr. vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 1.460 m.kr., þar af 140 m.kr. vegna úthlutunar úr protabúum og ábyrgðargjald um 1.320 m.kr. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru um 1.400 m.kr. í lok árs 2009 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins.

## 3.2. ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Miklar sveiflur hafa verið í rekstri og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs undanfarin 20 ár. Fram til 1996 greiddi ríkissjóður framlag til sjóðsins sem nam þrefalt hærrí fjárhæð en heildariðgjöld atvinnurekenda voru. Með breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 141 og 144/1995 var aukið verulega framlag atvinnurekenda til sjóðsins á sama tíma og fellt var niður sérstakt framlag ríkissjóðs. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins var margfaldað á sama tíma og dró jafnt og þétt úr beinum framlögum ríkissjóðs, sem voru síðan felld niður frá 1. janúar 1996.

Tekjustofn sjóðsins er atvinnutryggingagjald sem er hluti af tryggingagjaldi. Ef litið er yfir undanfarin 10 ár þá var atvinnutryggingagjaldið 0,8% í upphafi árs 2001 og 0,65% í ársbyrjun 2009. Vegna aukins atvinnuleysis á árinu 2009 hækkaði gjaldið í 2,21% frá 1. júlí 2009 og síðan í 3,81% frá 1. janúar 2010. Eigið fé sjóðsins sem hafði verið 15.600 m.kr. í árslok 2008 var komið niður í 2.800 m.kr. í árslok 2009 þrátt fyrir verulega hækkan á tryggingagjaldi sumarið 2009. Áætlað er að tekjur sjóðsins árið 2010 verði 29.300 m.kr. en útgjöld 27.800 m.kr. Heildarútgjöld sjóðsins 2009 voru 25.900 m.kr. í stað 5.300 m.kr. árið á undan. Ýmsar vinnuþáttgerðir eru nú kostaðar af sjóðnum. Á árinu 2009 greiddi sjóðurinn um 700 m.kr. vegna starfsþjálfunar, átaksverkefna og sérstakra úrræða fyrir atvinnulausa en hafði greitt 160 m.kr. á árinu 2008.


Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til

reksturs Vinnuálastofnunar hafa aukist verulega á síðustu árum. Árið 2007 greiddi sjóðurinn 250 m.kr. en áætlun fyrir 2010 gerir ráð fyrir að sjóðurinn greiði 580 m.kr. til reksturs stofnunarinnar. Í rekstraráætlun Vinnuálastofnunar fyrir 2010 er framlag ríkissjóðs lækkað um 7,1% samkvæmt sparnaðaráformum ríkisins en framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs er hins vegar hækkað um 32%. Á undanföllum árum hefur reglum um sjóðinn verið breytt smátt og smátt á þann veg að draga sem mest úr áhrifum aðila vinnuþáttgerðarinnar og færa ákvörðunarvaldið um greiðslur úr sjóðnum frá stjórn sjóðsins í hendur stjórnenda Vinnuálastofnunar. Það er sanngjörn og eðlileg krafa þeirra sem fjármagna sjóðinn að þeir hafi meiri ítök um meðferð fjármuna hans og rekstur atvinnuleysistryggingakerfisins. Atvinnulífið vill bera meiri ábyrgð á stjórnun, skipulagi og framkvæmd þjónustu við atvinnulaust fólk í samræmi við fjárfrelag sitt með það að markmiði að auka möguleika þess á að komast í vinnu aftur.

## 3.3. VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnuálastofnun annast vinnuþáttgerðir og vinnuþáttgerðir samkvæmt lögum nr. 55/2006. Um 16 þúsund manns eru nú án atvinnu hér á landi en vonir standa til að botninum sé náð. Aðalverkefni Vinnuálastofnunar er að aðstoða fólk við atvinnuleit og finna úrræði fyrir atvinnuleitendur. Sú lagaskylda gildir jafnt um unga atvinnuleitendur sem eldri starfsmenn.

Stjórn stofnunarinnar á að gera tillögur um vinnuþáttgerðir til ráðherra og eiga öll úrræði að byggjast á lagaramma reglugerða nr. 12/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnuþáttgerðum og rgl. nr. 13/2009 um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnuþáttgerðir og greidd eru af Atvinnuleysistryggingasjóði. Stofnunin má gera sérstaka



tímabundna samninga við fyrirtæki, stofnanir og frjáls félagasamtök um að ráða fólk til að sinna átaksverkefnum sem eru umfram lögbundin og venjuleg umsvif. Fyrirtækin greiða lágmarkslaun skv. kjarasamningum en fá atvinnuleysisbætur á móti í 3-6 mánuði. Vottuðum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum er þannig heimilt að ráða fólk af atvinnuleysissskrá til starfa.

Við afgreiðslu fjárlaga 2010 ákvað ríkisstjórnin að veita Vinnumálastofnun stóraukið úrræðafé, 690 m.kr. sem sótt er úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Þetta fé er sagt fást með sparnaði af auknu eftirliti Vinnumálastofnunar með greiðslu atvinnuleysisbóta, skerðingu á rétti námsmanna til bóta á sumrin og skerðingu á bótarétti sjálfstætt starfandi. Jafnframt var hrint af stað sérstöku verkefni fyrir atvinnulaust ungt fólk, *Ungt fólk til athafna*, án þess að lagarammi þess átaksverkefnis hafi verið afmarkaður. Ráðnir voru 10 nýir ráðgjafar til þessa sérverkefnis stofnunarinnar tímabundið og sérstakt húsnæði tekið á leigu að Suðurlandsbraut 22. Atvinnulaust ungt fólk nýtur því sérstakrar þjónustu í dag umfram aðra atvinnuleitendur, sem þurfa að bíða í allt að 3 – 6 mánuði eftir viðtali við ráðgjafa.

Langtímaatvinnuleysi er mikið áhyggjuefni. Þeir sem lenda í því eiga oft í erfiðleikum með að fóta sig aftur á vinnumarkaði. Það skerðir lífsgæði einstaklinganna og kostar samfélagið mikla fjármuni. Nú eru rúmlega 8 þúsund manns hér á landi búnir að vera atvinnulausir lengur en 6 mánuði, en við það er langtímaatvinnuleysi miðað. Meðal annars þess vegna er afar mikilvægt að hefja framkvæmdir og skapa atvinnulífínu þau skilyrði að störfum fjölgi á ný eins og lagt var upp með í stöðugleikasáttmálanum.

Vinnumálastofnun greiðir út atvinnuleysisbætur og annast framkvæmd laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Þjónustusamningur tryggði stofnuninni aukið rekstarfé 2009 samfara auknu álagi á greiðslustofu Atvinnuleysisstrygginga á Skagaströnd, sem sjóðurinn greiðir fyrir. Af 952 m.kr. rekstrartekjum stofnunarinnar árið 2010 er beint ríkisframlag aðeins 213 m.kr., 22%, og var lækkað um 7% árið 2010. Aðrar tekjur Vinnumálastofnunar koma frá sjóðum í vörslu stofnunarinnar, 578 m.kr. koma frá Atvinnuleysisstryggingasjóði, 50 m.kr. frá Ábyrgðarsjóði launa og 89 m.kr. frá Fæðingarorlofssjóði. Stofnunin hefur því verið nánast ónæm fyrir öllum niðurskurðarkröfum, þar sem hún hefur sótt rekstarfé til vörslusjóða sinna.

### 3.4. STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Árið 2009 var fyrsta heila starfsár sjóðsins. Í ársreikningi sjóðsins fyrir 2009 kom fram að tekjur voru tæplega 600 m.kr. en gjöld rúmlega 131 m.kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um rúmlega 25 m.kr. þannig að hrein eign jókst um tæpar 494 m.kr. Eignir í árslok 2009 námu tæplega 646 m.kr. Reksturinn ber þess merki að sjóðurinn er í uppbyggingarferli og þ.a.l. voru tekjur mun meiri en gjöld.

Frestun fyrirhugaðrar lögfestingar iðgjalds sjóðsins sem ná til allra fyrirtækja og lífeyrissjóða hefur valdið sjóðnum vandkvæðum í innheimtu en í stöðugleikasáttmálanum var fyrirheit um að slík lagasetning yrði komin til framkvæmda fyrir árslok 2009. Mikið hefur verið þrýst á efndir þess og eru nokkrar horfur á því að iðgjaldið verði lögfest á þessu vorþingi.

Starfsemi sjóðsins hefur vaxið jafnt og þétt á starfstíma hans. Í mars 2010 störfuðu 22 ráðgjafar hjá sjóðnum í 17 stöðugildum og er ekki fyrirhugað að fjölga þeim á næstunni. Ráðgjafarnir starfa hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og fá þau framlag frá sjóðunum til þess að standa straum af kostnaði. Þegar gengið verður frá aðkomu lífeyrissjóða að sjóðnum mun það kalla á fjölgun þeirra og er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir þetta ár.

Rúmlega 600 einstaklingar hafa komið til viðtals hjá ráðgjöfum sjóðsins frá upphafi starfs þeirra og eru rúmlega 400 manns í reglulegum viðtölum en 156 hafa verið útskrifaðir. Af þeim sem hafa útskrifast er um helmingur í vinnu, 17% atvinnulausir, 11% í námi og um 20% á örorkulífeyri. 56% eru konur og 44% karlar.

Starfsmenn sjóðsins sem eru 8 talsins hafa unnið að þróun starfshæfnismats og hefur það verið í prófun á undanförunum mánuðum. Verið er að betrubæta þau verkfæri og vinnuferla sem matið byggist á og hafa rýnihópar verið að störfum og samstarf verið haft við utanaðkomandi aðila, m.a. Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun. Þegar hafa um 400 manns farið í gegnum grunnmat.

Starfsendurhæfingarsjóður hefur komið sér upp öflugri vefsíðu, [www.virk.is](http://www.virk.is), og gefið út bæklinga til kynningar á starfsemi og þeirri þjónustu sem stendur einstaklingum og fyrirtækjum til boða.

### 3.5. NEFNDIR OG RÁÐ

*Í 12. kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.*

# JAFNRÉTTISMÁL

Samtök atvinnulífsins hafa á liðnu starfsári hvatt til þess að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi verði aukin, bæði í stjórnnum fyrirtækja og stjórnunarstöðum. Kynjahlutfall er jafnt í stjórnnum á fimmta þúsund fyrirtækja en of margar stjórnir stærstu fyrirtækjanna hafa til þessa verið eingöngu skipaðar karlmönnum. Á vef SA má finna lista yfir fjölmargar öflugar rekstrarkonur sem eru til í að láta frekar til sín taka í íslensku atvinnulífi.

## 4.1. SAMSTARFSSAMNINGUR UM AUKNA FJÖLBREYTNÍ

Þann 15. maí 2009 skrifuðu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands og Creditinfo undir samstarfssamning um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013 þannig að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40%. Allir stjórnsmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi skrifuðu undir samninginn og veittu honum stuðning sinn með formlegum hætti. Creditinfo mælir árlega árangur verkefnisins.

Til að fylgja samningnum eftir og kynna markmið hans var efnt til ráðstefnunnar *Virkjum karla og konur – fjölbreytni í forystu* á Hótel Nordica þann 10. febrúar 2010. Í hóp samstarfsaðila samningsins bættist Leiðtoga-Auður en til ráðstefnunnar mættu yfir 300 karlar og konur úr íslensku atvinnulífi og var kynjaskipting nokkuð jöfn – 43% gestanna voru karlar og 57% konur.

Samkvæmt rannsókn Creditinfo voru 4.321 fyrirtæki á Íslandi með blandaðar stjórnir karla og kvenna og jafnt kynjahlutfall þegar ráðstefnan *Virkjum karla og konur* fór fram. Tvö fyrirtæki bættust í hóp fyrirmyndarfyrirtækja á Íslandi á ráðstefnunni en Jón Axel Ólafsson, eigandi Eddu útgáfu og Sigurður Arnalds, stjórnarformaður Mannvits, skrifuðu undir samstarfssamning um að leggja sitt af mörkum til að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs.

Í kjölfar ráðstefnunnar skrifað fyrirtækið Saltkaup undir samninginn og þann 17. febrúar samþykkti bankaráð Landsbankans á fundi sínum að fyrirtækið skuli tryggja fyrir árslok 2013 að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40% í forystusveit bankans og dótturfélaga hans.

### Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur

Á ráðstefnunni kom m.a. fram að íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur. Karlar eru tveir þriðju hlutar starfsmanna á almennum



vinnumarkaði en konur einn þriðji. Karlar vinna líka lengur en þeir skila 71% vinnustunda á almennum vinnumarkaði en konur 29%. Hjá hinu opinbera eru konur þrjú fjórðu hlutar starfsmanna en karlar fjórðungur. Þar skila konur tveimur þriðju hluta vinnustunda en karlar þriðjungi. Meðalvinnutími karla er rúmlega 46 tímar á viku en konur vinna tæpa 36 tíma. Algengt hlutfall kvenna í atvinnulífinu er í kringum 20% ef horft er til stjórnunarstarfa, stjórnarsæta eða til hlutfalls kvenna sem stofna fyrirtæki.

### Kynjakvóti lögfestur

Þrátt fyrir að allir stjórnsmálaflokkar á Alþingi hafi skrifað undir ofangreindan samstarfssamning var ljóst að marga fulltrúa þeirra skorti þolinmæði til að láta reyna á ágæti hans. Á haustdögum 2009 var ýjað að því að kynjakvótar á stjórnir fyrirtækja væru ekki langt undan og án nokkurrar opinberrar umræðu eða samráðs við hagsmunaaðila var ákvæði um kynjakvóta á stjórnir fyrirtækja fest í lög á Alþingi í upphafi árs 2010. Samtök atvinnulífsins lögðust gegn lagasetningunni. Stjórnvöld munu væntanlega ráðast í ítarlegt átak á næstunni til að kynna stjórnendum íslenskra fyrirtækja breytt rekstrarumhverfi.





## 4.2. NÝ RANNSÓKN Á LAUNAMUN KYNJA

Hagstofa Íslands gaf í febrúar 2010 út hagtíðindaheftið *Launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði 2000–2007*. Í því er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn á launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði. Rannsóknin er byggð á gagnasöfnum Hagstofunnar og var framkvæmd í kjölfar samkomulags á milli Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Hagstofu Íslands í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar 2008. Niðurstöður byggjast á tæplega 185 þúsund athugunum á launum einstaklinga sem störfuðu á almennum vinnumarkaði á árunum 2000–2007.

Í heftinu kemur meðal annars fram að á árunum 2000–2007 eru konur með lægri laun en karlar en hlutfallslegur launamunur hefur lækkað á tímabilinu. Árið 2000 voru konur með 24,8% lægra reglulegt tímakaup en karlar en munurinn var kominn í 15,9% árið 2007. Ef horft er til heildartímakaups voru konur með 24,9% lægri laun en karlar árið 2000 en árið 2007 var munurinn kominn niður í 18,5%.

Þegar valdir skýringarþættir hafa verið leiðréttir með aðferðum tölfræðinnar mælist launamunur á bilinu 9,2–10,3% fyrir tímabilið 2000–2007. Þegar sundurliðun á launamun er beitt á þær niðurstöður stendur eftir 7,3% óútskýrður launamunur fyrir sömu ár, en þá hefur verið tekið tillit til þeirra þátta sem notaðir eru til skýringa á launamun kynjanna. Þótt niðurstöðum úr greiningum sem fjalla um leiðréttan launamun beri að taka með fyrirvara benda þær allar til þess að það halli á laun kvenna í samanburði við laun karla.

Einnig eru skoðuð áhrif ólíkra skýringarþátta fyrir konur og karla hvert í sínu lagi. Þá kemur í ljós að öflun háskólaprófs hefur meiri áhrif til hækkunar á laun karla en laun kvenna. Þá hefur fjöldi barna á heimili jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð áhrif á laun kvenna, og því yngri sem börnin eru þeim mun neikvæðari áhrif hafa þau á reglulegt tímakaup kvenna.

## 4.3. STAÐALL UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJA

Félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins fóru þess á leit við Staðlaráð Íslands haustið 2008 að það hefði umsjón með gerð staðals sem notaður yrði til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmd-



ist stefnu um launajafnrétti kynja og jafnrétti við ráðningar og uppsagnir.

Stefnt var að því að unnt yrði að taka staðalinn í notkun í byrjun árs 2010 og að atvinnurekendur sem uppfylltu skilyrði hans gætu fengið formlega vottun fyrir því að launa- og starfsmannastefna þeirra samræmdist lögum um jafnrétti kynjanna. Enn er unnið að gerð staðalsins en starfið hefur gengið hægar en að var stefnt.

## 4.4. KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála vinnur nú samkvæmt nýju jafnréttislögunum frá 2008 sem fela í sér að úrskurðir nefndarinnar eru bindandi fyrir vinnuveitendur. Uppþóttunartími til málshöfundunar fyrir dómstólum vilji fyrirtækið ekki una niðurstöðu nefndarinnar er mjög stuttur þannig að fyrirtækin verða að bregðast við án nokkurrar tafar.

Á tímabilinu frá 1.4.2009 til jafnlengdar 2010 kvað nefndin upp átta úrskurði og voru jafnréttislög talin hafa verið brotin í tveimur tilvikum. Í fjórum málum var kært vegna ráðningar, tveimur vegna uppsagnar og tveimur vegna launakjara.

## 4.5. JAFNRÉTTISRÁÐ

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í Jafnréttisráði sem félags- og tryggingamálaráðherra skipar en eitt af verkefnum þess er að vinna að jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni.



# LÍFEYRISMÁL

## 5.1. STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Hreinar eignir allra lífeyrissjóða í landinu námu 1.786 milljörðum króna í árslok 2009, samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands, og jukust um tæplega 200 milljarða króna eða um 12%. Að teknu tilliti til verðbólgu á árinu nam raunaukningin 4,4%. Þetta er jákvæður viðsnúningur frá árinu 2008 þegar hrein eign sjóðanna minnkaði um 20,6% að raungildi. Samt sem áður var ávöxtunin ekki nægjanleg til þess að tilefni til skerðingar réttinda myndaðist ekki á árinu. Sé gert ráð fyrir að iðgjöld til sjóðanna hafi numið 110-120 milljörðum króna á árinu 2009 má áætla að tilefni til skerðingar hafi numið 2-2,5%.

Eignir sjóðanna námu 119% af landsframleiðslu, sem er svipað hlutfall og í árslok 2005 en töluvert lægra en hlutföllin voru árin 2006 og 2007 þegar þau námu tæplega 130%.


Áætlað er að allt að 300 ma.kr. liggja í sér-eignarlífeyrissparnaði. Séreignarlífeyrissparnaður á sér tvenns konar uppruna, þ.e. annars vegar viðbótarlífeyrissparnað og hins vegar séreign sem myndast hefur sem hluti af skyldubundnu lágmarksiðgjaldi. Ekki liggur fyrir hvernig þessir 300 ma.kr. skiptast nákvæmlega á milli þessara flokka séreignar, en áætlað hefur verið að fjórðungur hennar, eða um 75 ma.kr., sé að stofni til hluti af hinu skyldubundna iðgjaldi og séreign sem myndaðist fyrir gildistöku lífeyrissjóðslaganna. Það þýðir að rúmlega 200 milljarðar kr. stafi af viðbótariðgjaldi. Í desember 2009 samþykkti Alþingi að framlengja heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar til 1. apríl 2011 í stað 1. október 2010 sem áður gildi. Heimilt er að greiða út allt að 1,5 m.kr. (1,0 m.kr. skv. áðurgildandi lögum) í níu jöfnum mánaðarlegum

greiðslum og styttest útgreiðslutími hlutfallslega ef um lægri fjárhæð er að ræða. Árið 2009 voru greiddir út 22 ma. kr., eða sem nemur 10% af séreign sem myndast hefur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar og er áætlað að svipuð upphæð verði greidd út árið 2010.

Fulltrúar sextán lífeyrissjóða innan vébanda Landssamtaka lífeyrissjóða stofnuðu í desember 2009 nýtt fjárfestingarfélag, Framtakssjóð Íslands, sem ætlað er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. Stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja nýja fjárfestingarsjóðnum til um 30 milljarða króna í hlutafé. Í skilmálum fyrir Framtakssjóð Íslands er kveðið á um að hann muni ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmiðið er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Gert er ráð fyrir nýfjárfestingum á vegum sjóðsins á næstu þremur árum og að sjóðurinn verði starfræktur í alls sjö ár.

Töluverð umræða hefur farið fram um skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði, bæði í samtryggingarsjóði og séreignarsjóði. Hafa SA auk ASÍ og LL lagst gegn slíkum hugmyndum. Meginrökin gegn skattlagningu inngreiðslna eru þau að styrkur lífeyriskerfisins er sá að hver kynslóð stendur undir eigin lífeyri og tekur þátt í fjármögnun samneyslunnar á efri árum með sparnaði í stað þess að velta vandanum yfir á næstu kynslóðir. Þetta hefur verulega þýðingu þar sem fyrirséð er að aldursamsetning þjóðarinnar breytist mikið á komandi áratugum.

**Eignir lífeyrissjóða** Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands

Nú eru tæplega 6 manns á vinnualdri á móti einum lífeyrisþega en þegar kemur fram undir miðja öldina mun hlutfallið verða tveir á móti einum. Þá er það meginregla í Evrópu að lífeyrir sé skattskyldur en ekki iðgjöld í lífeyrissjóði eða fjármagnstekjur þeirra.

## 5.2. SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

*Aðalmenn í stjórnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins (miðað við 23. febrúar 2010)*

### Gildi – lífeyrissjóður

Heiðrún Jónsdóttir  
Vilhjálmur Egilsson  
Friðrik J. Arngrímsson  
Sveinn S. Hannesson

### Stafir lífeyrissjóður

Arnbjörn Óskarsson  
Erna Hauksdóttir  
Guðsteinn Einarsson

### Stapi lífeyrissjóður

Guðrún Ingólfssdóttir  
Anna María Kristinsdóttir  
Sigrún Björk Jakobsdóttir

### Lífeyrissjóður Rangæinga

Þorgils Torfi Jónsson  
Óskar Pálsson

### Festa lífeyrissjóður

Magnea Guðmundsdóttir  
Sigrún Helga Einarsdóttir  
Bergþór Guðmundsson

### Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Hannes G. Sigurðsson

### Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Áslaug Alfreðsdóttir  
Kristján G. Jóhannsson

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Arnar Sigurmundsson  
Ægir Páll Friðbertsson  
Andrea Atladóttir

### Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Haraldur Þ. Ólason  
Auður Hallgrímsdóttir  
Sveinbjörn Hjálmarsson

# UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI

Íslendingar búa við mikil gæði í umhverfi sínu. Andrúmsloftið er hreint og ómengað, landið gjöfult og ósnert að stórum hluta og þegar gildir friðlýsing um mestan hluta viðkvæmra og sérstakra svæða. Atvinnulífið hefur sýnt fulla ábyrgð í umgengni sinni við umhverfið hvort sem um er að ræða fiskistofna, orkulindir eða aðrar auðlindir. Íslendingar eru aðilar að öllum helstu alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála og hér hafa verið innleiddar allar helstu reglur Evrópusambandsins á sviði umhverfismála.

Nýlega birtu tveir af virtustu háskólum heims úttekt á frammistöðu 163 ríkja í umhverfismálum. Þar var Ísland í fyrsta sæti. Almenn heilbrigði, árangur í loftslagsmálum, lítil loftmengun, gnægð vatns ásamt fleiri þáttum stuðla að þessum árangri.

## 6.1. UMHVERFISMÁL

### Alþjóðasamningar um loftslagsmál

Loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn tókst ekki að komast að niðurstöðu um nýjan lagalegan bindandi alþjóðasamning í loftslagsmálum. Þess í stað tókst pólitísk málemiðlun þar sem gert er ráð fyrir að ríki tilkynni um áætlanir sínar um að draga úr útstreymi og aðrar ráðstafanir. Gert er ráð fyrir að stofnaður verði sjóður sem nýttast mun fátækum ríkjum til að

draga úr útstreymi og bregðast við loftslagsbreytingum.

Það sem er jákvætt við Kaupmannahafnar-samkomulagið er að það er stutt af ríkjum þar sem stærstur hluti útstreymis á sér stað. Þannig hafa Bandaríkin, Kína og Indland ásamt mörgum fleiri þróunarríkjum auk allra helstu iðnríkja heims tilkynnt að þau muni eiga aðild að samkomulaginu. Um miðjan mars höfðu 74 ríki tilkynnt um aðildina. Þessu er öðruvísi farið en með Kyoto-bókunina þar sem einungis ríki sem standa fyrir um 30% af heimsútstreymi eiga aðild.

Víst er að það mun taka töluverðan tíma að útfæra lagalegan samning sem byggir á Kaupmannahafnar-samkomulaginu og óvíst að það takist á þessu ári eða því næsta.

### Loftslagsmál á Íslandi

Ísland hefur tilkynnt um þátttöku í Kaupmannahafnar-samkomulaginu og að dregið verði úr útstreymi til ársins 2020 um 15% frá árinu 1990. Jafnframt kemur fram að Ísland muni í alþjóðlegu lagalega bindandi samkomulagi verða með sameiginleg markmið með ESB.

Fyrirtæki hér á landi sem falla undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir munu fá úthlutað heimildum úr sameiginlegum evrópskum potti eftir sömu reglum og gilda í sam-





bandinu. Orkufrekur iðnaður mun falla undir kerfið frá 2013 og gert er ráð fyrir að öll fyrirtækin fái úthlutað útstreymisheimildum án endurgjalds upp að viðmiði sem ræðst af árangri þeirra fyrirtækja sem best standa sig. Útstreymi frá flugsamgöngum mun falla undir þetta kerfi frá árinu 2012 og hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að sækjast ekki eftir sérstökum undanþágum þrátt fyrir að flugsamgöngur séu Íslandi mikilvægari en öðrum Evrópuríkjum. Umhverfisráðherra hefur nú skipað starfshóp til að undirbúa lagasetningu til að innleiða reglur viðskiptakerfisins hér á landi.

### Önnur umhverfismál

Nefnd sem umhverfisráðherra skipaði til að semja lagafrumvarp til innleiðingar á vatnatilskipun ESB hefur skilað af sér til ráðherra og má búast við að frumvarp ráðherra líti dagsins ljós innan tíðar. Umhverfisráðuneytið óskaði undir lok árs 2009 eftir umsögnum um lagafrumvarp sem ráðuneytið hafði látið semja til innleiðingar á tilskipun ESB um umhverfisábyrgð og sendi SA ásamt aðildarsamtökum inn veigamiklar athugasemdir við það. Umhverfisráðuneytið hefur jafnframt tilkynnt að unnið sé að því að innleiða svo kallaða þriðju stoð Árósasamnings um umhverfismál. Samningurinn fjallar um aðgang almennings að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku og um aðgang að réttlátri málsmeðferð. Tveir fyrri þættirnir hafa þegar verið bundnir í lög hér á landi en það hefur vafist fyrir stjórnýslunni um langa hríð hvernig hinum þriðja verði fyrir komið.

### 6.2. VINNUMHVERFI

Á skipulagi og stjórnýslu vinnuverndarmála urðu engar breytingar á árinu 2009 en á árinu skiluðu ráðgjafar sem unnu á vegum félagsmálaráðuneytis skýrslu til ráðherra um hagkvæmni sameiningar Vinnueftirlits (VER), Vinnu-málastofnunar (VMST) og Tryggingastofnunar ríkisins. Skýrsla ráðgjafanna var kynnt ráðherra í október 2009 en var hvorki kynnt stjórnnum þessara stofnana né aðilum á vinnumarkaði. Í lok árs 2009 var ákveðið að leggja til hliðar sameiningu þessara þriggja stofnana án nokkurra skýringa en sagt var að möguleikar til hagræðingar eða sameiningar yrðu áfram kannaðir. Á fundi með starfsmönnum Vinnu-málastofnunar og Vinnueftirlitsins þann 22. mars sl. tilkynnti ráðherra að VER og VMST yrðu sameinaðar í nýja Vinnumarkaðsstofnun frá ársbyrjun 2011 og lagafrumvarp þess efnis yrði afgreitt á vörþingi.

Ljóst er að starfsemi Vinnueftirlits ríkisins dregst saman á árinu 2009 og 2010 enda sætir stofnunin almennum 10% niðurskurði, eins og aðrar ríkisstofnanir. Stofnunin er verulega háð sértekjum af vinnuvélastofnunum sem dragast saman en fyrirhuguð er 9% hækkun á gjaldskrá vinnuvélaeftirlits á árinu 2010, í tveimur áföngum.

Í eftirlitsstarfi vinnur stofnunin í samræmi við stefnu Vinnueftirlitsins fyrir árin 2009 til 2012. Höfuðáhersla er þar lögð á að fækka banaslysum og vinnuslysum, sem fjölgaði verulega 2006–2008. Áhættumati verði komið á í öllum stærri fyrirtækjum. Jafnframt er stefnan sú að skráningu atvinnusjúkdóma verði komið í viðunandi horf og í samræmi við leiðbeiningar ILO og ESB. Á vegum stjórnar VER vann starfshópur drög að nýrri reglugerð *um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma*. Stjórn VER samþykkti tillögur starfshópsins í desember 2009 og sendi til félagsmálaráðuneytisins. Stjórnin sem er ráðgefandi fyrir félagsmálaráðherra beindi einnig þeim tilmælum til ráðuneytisins að reglugerð um aðgerðir gegn einelti yrði endurskoðuð vegna nýlegs evrópsks kjarasamnings *um ofbeldi og einelti* við vinnu og framkominnar gagnrýni á hugtakaskilgreiningar núgildandi reglugerðar. Bæði þessi mál bíða ákvörðunar ráðuneytisins.



# SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

## 7.1. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 137. og 138. löggjafarþingi, 2009–2010, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (miðað við 30. mars 2010).

### 137. löggjafarþing

*Stjórnarfrumvörp um*

- breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, matvælalöggjöf EES-reglur
- breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, kyrrsetning eigna
- heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.
- breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands
- Banksýslu ríkisins, heildarlög
- breytingu á lögum um kjararð og fleiri lögum, ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna
- ráðstafanir í ríkisfjármálum
- breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímaþundna ráðningu starfsmanna, EES-reglur, ráðningarsamningar
- aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum
- breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, EES-reglur, brottfall undanþága
- váttryggingastarfsemi
- breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur
- breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfða-breyttar lifverur, upplýsingar til almennings, EES-reglur
- breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur
- breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)
- stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja


*Þingsályktunartillögur um*

- hagsmuni Íslands í loftslagsmálum
- náttúruverndaráætlun 2009–2013
- undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu
- aðildarumsókn að Evrópusambandinu

### 138. löggjafarþing

*Stjórnarfrumvörp um*

- stjórn fiskveiða (byggðakvóti)
- vinnustaðaskirteini og eftirlit á vinnustöðum
- skipulagslög
- mannvirki
- breyting á lögum um fjármálaþyrftækni, nr. 161/2002, með síðari breytingum
- heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ
- viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi
- breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins
- þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins
- váttryggingastarfsemi
- breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum
- breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur
- ársreikninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn
- framhaldsfræðslu
- atvinnuleysistryggingar o.fl. (aukið eftirlit og þrengri reglur)
- váttryggingastarfsemi
- umhverfis- og auðlindaskatta (heildarlög, kol-efnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn)
- tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs)
- sjómannaafslátt
- fækkun atvinnulausra að markmiði
- ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.)
- breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, rýmkun frístundaveiða, aukin veiðiskylda o.fl.
- breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum
- Íslandsstofu
- breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa)
- breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við



EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða

- stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
- breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum
- breyting á lögum um nauðungarsólu

#### *Þingmannafrumvörp um*

- breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða)
- frestun nauðungarsólu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána
- breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl.

#### *Þingsályktunartillögur um*

- lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda
- gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga
- setningu reglna um hámarks magn transítusýra í matvælum
- mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
- sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt
- friðlýsingu Skjálfandaflijóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár
- náttúruverndaráætlun 2009–2013
- hagsmuni Íslands í loftslagsmálum
- landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu
- afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu

## 7.2. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

### Tímabundnir skattar á orkunotkun

Með lögum nr. 129/2009 voru samþykkt lög um nýja umhverfis- og auðlindaskatta, nýtt kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti, nýr skattur á raforku, 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2,0% af smásöluverði af heitu vatni. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2010 og eiga að falla úr gildi 31. desember 2012



### Samkomulag um uppgjör vegna nýju bankanna

Með lögum nr. 1397/2009 var fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands heimilað að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf. skv. samkomulagi við skilanevndir Glitnis banka hf., Kaupþings



banka hf. og Landsbanka Íslands hf., í tengslum við samninga sem gerðir hafa verið um uppgjör vegna yfirtekinnna eigna og skulda í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá í október 2008 á grundvelli laga nr. 125/2008.

### Aukin réttindi hluthafa í hlutafélögum

Með lögum 126/2009 var lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög breytt í því markmiði að auka réttindi hluthafa til samræmis við tilskipun ESB. Kveða lögin m.a. á um að í félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfa-markaði skuli boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund. Þá eru reglur skýrari um hvaða gögn hluthafar skuli eiga greiðan aðgang að fyrir fundinn.

### Skattafrádráttur vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum

Með lögum nr. 137/2009 og 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er mælt fyrir um skattaávilnanir til handa þeim sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum og rétt nýsköpunarfyrirtækja til skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni

### Breyting á skaðabótalögum vegna vinnuslysa og um ábyrgðarmenn

Lög 124/2009 takmarka meðábyrgð starfsmanna við vinnuslys þannig að réttur til skaðabóta skerðist ekki vegna meðábyrgðar nema viðkomandi hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Ný lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 hafa það að markmiði að setja reglur um ábyrgðir einstaklinga, draga úr vægi þeirra og stuðla að því að lánveitingar bankastofnana verði miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar.

### Kynjakvótar í hlutafélögum

Með lögum nr. 13/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög voru lögfestar nýjar reglur um kynjakvóta í stjórnnum hlutaeinkahluta- og opinberra hlutafélaga sem hafa fleiri en 50 starfsmenn. Hlutfall hvors kyns má ekki vera minna en 40% í stjórn en lögin taka ekki gildi fyrr en 1. september 2013.

### Bann við vinnustöðvun flugvirkja

Þann 22. mars sl. samþykkti Alþingi lög nr. 17/2010 um bann við ótímabundnu verkfalli flugvirkja hjá Icelandair og gildir bannið til 30. nóvember 2010 en aðilum er heimilt að semja um breytingar á kjarasamningi aðila.

## ERLEND SAMSKIPTI

### 8.1. UMSÓKN ÍSLANDS AÐ ESB

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu var formlega komið á framfæri við sænsk stjórnvöld í Stokkhólmi þann 23. júlí 2009 en Svíþjóð fór þá með formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins. Umsóknin byggir á ályktun Alþingis sem samþykkt var skömmu áður. Gert er ráð fyrir því að stjórnvöld hafi viðtækt samráð við atvinnulífið vegna undirbúnings fyrir aðildarviðræðurnar og eins þegar þær hefjast. Stjórnvöld hafa þegar skipað samráðshópa til að fjalla um einstaka málefnaflokkar fyrirhugaðra aðildarviðræðna og eiga SA aðild að flestum þeirra. SA hafa einnig sett af stað sex starfshópa til að fjalla um málefni atvinnulífsins vegna aðildarumsóknar Íslands.

Í ljósi þeirra áhrifa sem löggjöf Evrópusambandsins hefur á Íslandi fylgist SA náið með þróun löggjafar ESB og Evrópumálum almennt. Aðkoma Íslands að málum sem lúta að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið takmarkast við fyrsta stig tillagna sem koma frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og nauðsynlegt er að hafa vakandi auga með málafnum innri markaðarins vegna þýðingar hans fyrir atvinnulíf hér á landi.

Mikilvægt er að stjórnvöld haldi áfram fullum metnaði við þátttöku í EES-samningnum. Samningurinn hefur stuðlað að ýmsum jákvæðum breytingum á lagaumhverfi íslensks atvinnulífs og hefur tryggt Íslandi þátttöku í margvíslegum evrópskum samstarfsverkefnum. Aðildarviðræður við ESB taka sinn tíma og þurfa væntingar um það efni að vera raunsæjar. Ísland mun því áfram búa við EES-samninginn næstu ár.

Framkvæmdastjórn ESB lagði í febrúar 2010 jákvætt mat á aðildarumsókn Íslands. Það mat var grundvallað á ítarlegum spurningalista og svörum íslenskra stjórnvalda. Áður en formlegar aðildarviðræður geta hafist þarf leiðtogaáð ESB að samþykkja þær. Næsti fundur leiðtogaáðsins er um miðjan júní. Verði samþykkt að hefja viðræður munu þær án efa taka töluverðan tíma.

### 8.2. AF VETTVANGI ESB

Á árinu 2009 fóru Tékkland og Svíþjóð með formennsku í ráðherraráði ESB. Spánverjar gegna formennsku á fyrri helmingi 2010 en Belgar taka svo við af þeim. Tékkar áttu erfitt uppdráttar í sinni formenskutið þar sem ríkisstjórnin féll heima fyrir en almennt var mjög góður rómur gerður að frammistöðu Svía. Um mitt árið 2009 var nýtt Evrópuþing kosið til fimm ára en ekki er búist við miklum áherslubreytingum á þinginu.

Lissabon sáttmálinn var samþykktur á Írlandi í lok árs 2009, en kosið var um hann öðru sinni eftir að Írar höfðu felld hann árið á undan. Voru Írum gefin ýmis fyrirheit um túlkun á ákvæðum sáttmálans sem höfðu vakið tortryggni almennings. Ýmsir framámenn aðildarríkja ESB höfðu haft uppi verulegar efasemdir um sáttmálann en einn af öðrum létu þeir af andstöðu sinni og varð Tékklandsforseti síðastur til að undirrita eftir mikinn pólitískan þrýsting frá leiðtogum annarra ESB ríkja. Gekk sáttmálinn í gildi í desember 2009. Helstu breytingar á stofnanakerfi ESB í kjölfar Lissabon sáttmálans eru að vægi Evrópuþingsins stóreykst auk þess sem nú verður mun hægara um vik að greiða atkvæði um mál sem ekki ríkir samstaða um innan ráðherraráðs ESB. Hefur þeirri skoðun þó vaxið ásmegin í Brussel að um fyrirjáanlega framtíð muni leiðtogar ESB ríkja enn reyna að forðast atkvæðagreiðslur um viðkvæm mál. Þá voru samkvæmt Lissabon sáttmálanum stofnuð tvö völdug embætti, annars vegar staða fasts forseta ráðherraráðs ESB og hins vegar varaforseta er fer með utanríkismál ESB, en þess síðarnefnda biður að byggja upp nýja utanríkisþjónustu Evrópusambandsins.

Ný framkvæmdastjórn ESB var samþykkt til næstu fimm ára í upphafi 2010 undir forsæti Portúgalans Barroso sem fer því fyrir sinni annarri framkvæmdastjórn. Evrópuþingið samþykkti nýju framkvæmdastjórnina með miklum meirihluta atkvæða sem þykir gefa fyrirheit um gott samstarf þessara tveggja valdastofnana ESB á næstu árum.

### 8.3. RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, er vettvangur samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna. Nefndin fjallar um hvaðeina sem tengist starfssviði samtakanna, bæði fríverslunarsamninga og EES-samninginn. Gefur nefndin álit og ráðleggingar um slík málefni, með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjum. Með þessum hætti leitast nefndin við að hafa áhrif á stefnumörkun á vettvangi EFTA og EES og minna stöðugt á efnahagslegar og félagslegar hliðar Evrópuþingjafar og fríverslunarsamninga.

Frá Íslandi eiga Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð Íslands, ASÍ og BSRB fulltrúa í nefndinni, en áheyrnarfulltrúi er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin heldur að jafnaði fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherrum EFTA-ríkjanna, ráðherra í





forystu EFTA-ríkjanna og með fastanefnd þeirra. Nefndin á samstarf við þingmannanefnd EFTA og halda nefndirnar sameiginlegan fund einu sinni til tvisvar á ári.

Á árinu 2009 hélt ráðgjafarnefnd EFTA fjóra reglulega fundi auk funda með ráðherrum, þingmönnum og sendiherrum EFTA-ríkjanna. Í mars var haldinn fundur nefndarinnar með fastanefnd EFTA-ríkjanna í Brussel. Haustfundur ráðgjafarnefndar EFTA 2009 var haldinn í Reykjavík og m.a. fjallað um alþjóðlegu fjármála- og efnahagskreppuna og stöðu mála á Íslandi sérstaklega sem og um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar EES var að þessu sinni haldinn í Brussel í maí, en nefndin starfar á grundvelli ákvæða EES-samningsins og er skipuð fulltrúum ráðgjafarnefndar EFTA og jafn mörgum fulltrúum efnahags- og félagsmálanefndar ESB. Er hlutverk nefndarinnar að treysta tengsl milli aðila vinnumarkaðarins og annarra hagsmunaaðila í EES-ríkjunum sem og að fjalla um og setja fram álit á málefnum sem efst eru á baugi á vettvangi EES-samningsins hverju sinni. Samstarfið er síðan treyst enn frekar með þátttöku fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í fundum á vegum efnahags- og félagsmálanefndar ESB þar sem tekin eru fyrir mál sem hafa mikla þýðingu fyrir hagsmunaaðila í EES-ríkjunum.

Meðal málefna sem ráðgjafarnefndir EFTA og EES ályktuðu um eða létu til sín taka á árinu 2009 voru:

- Staða og þróun EES-samningsins ásamt þróun atvinnulífs og vinnumarkaðar í EFTA-ríkjunum
- Alþjóðlega efnahags- og fjármálakrepp-

an, áhrif á EES-samninginn og þróun mála á Íslandi

- Endurbætur á Evrópulöggjöf um fjármála-markaði og eftirlit með fjármálastarfsemi, með sérstakri áherslu á þátttöku EFTA-ríkja í nýju eftirlitskerfi
- Gildistaka Lissabon sáttmálans og áhrif hans á EES-samninginn
- Umhverfissvæn störf; mikilvægi metnaðarfullrar orku- og umhverfisstefnu við endurreisn atvinnulífsins
- Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og stækkun ESB almennt
- Samskipti EFTA og EFTA-ríkja við þriðju ríki ásamt undirbúningi, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga
- Möguleg tengsl umhverfiskrafna og vinnuréttarákvæða við fríverslunarsamninga
- Höfundarréttarákvæði í alþjóðlegum viðskiptasamningum og í fríverslunarsamningum EFTA.

Ráðgjafarnefndin forgangsraðar verkefnum í tengslum við hagsmuni atvinnulífs í aðildarríkjunum og viðfangsefni ESB hverju sinni. Auk þeirra málaflokka sem nefndir eru að framan má búast við að á árinu 2010 verði athygli áfram beint að alþjóðlegri fjármála- og efnahagskreppu og stöðu efnahags- og viðskiptamála í EFTA- og ESB-ríkjum. Má vænta umfjöllunar um þann þátt Evrópulöggjafar sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, svo sem um starfsemi og eftirlit með fjármálafyrirtækjum, reglur um innri markaðinn og nýja hagvaxtarstefnu ESB til ársins 2020 (Europe 2020).

#### 8.4. BUSINESSEUROPE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eiga aðild að Evrópusamtökum atvinnulífsins, BUSINESSEUROPE, en samtökin hafa aðsetur í Brussel. Aðildarfélag BUSINESSEUROPE eru 40 frá 34 Evrópulöndum, öllum ESB ríkjum, EFTA ríkjum, Sviss og Tyrklandi.

Eitt af meginverkefnum BUSINESSEUROPE er að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við helstu valdastofnanir ESB og forráðamenn þeirra. BUSINESSEUROPE kynnti nýverið stefnumörkun samtakanna um hvernig megi snúa aftur til hagvaxtar í álfunni en meginatriðin voru sett fram í sérstöku riti er ber heitið „Go for Growth“ eða á „Á braut hagvaxtar“. Var forsetum framkvæmdastjórnar ESB, ráðherraráði ESB og Evrópuþingsins kynnt skýrslan á fundum á



útmánuðum 2010. Samhliða útgáfu skýrslunnar hratt BUSINESSEUROPE af stað mikilli kynningarherferð í sameiginlegu átaki með aðildarfélögum samtakanna í einstökum löndum. Voru þar reifaðar megináherslur er samtökin leggja til svo hægt verði að vinna bug á þeim efnahagslega vanda er blasir við víða í Evrópu og lagðar til leiðir svo að hægt verði að komast út úr kreppunni sem glímt hefur verið við í á annað ár.

„Á braut hagvaxtar“ greinir eftirfarandi fimm meginvandamál sem við verður að glíma fyrst um sinn og jafnvel til langframa að mati BUSINESSEUROPE.

- Að komast út úr kreppunni, einkum með því að Evrópuríki komi böndum á ríkisfjármálin en fjölmörg þeirra hafa stundað itrekaðan hallarekstur sem stenst ekki til lengdar og hefur vakið upp spurningar um stöðugleika evrunnar.
- Horfast verður í augu við breytta aldursamsetningu á vinnumarkaði. Fjölgun aldraðra á Vesturlöndum kallar á aðlögun, aukna framleiðni studda betri menntun og nýsköpun og vöru- og þjónustuúrvali í samræmi við breytta eftirsöfnun.
- Takast verður á við miklar áskoranir á vettvangi loftslagsmála. Þar hefur evrópskur iðnaður gegnt forystuhlutverki í mengunarvörnum og tækninýjungum, en á hnattræna vísu nægir ekki að Evrópuríkin ein varði veginn með því að draga úr losun kolefna. Þar verður að nást alþjóðlegt samkomulag.
- Tryggja verður gagnsæi og jafnræði á orku- og afurðamörkuðum þannig að nýsköpun fái notið sín jafnt í Evrópu sem í öðrum heimshlutum.
- Velsæld almennings í Evrópu byggir að miklu leyti á frjálsum viðskiptum. Tryggja verður að evrópsku atvinnulífi takist að dafna áfram án hafta í samkeppni á heimsvísu.

Að mati BUSINESSEUROPE er eitt erfiðasta úrlausnarefni stjórnmálamanna í Evrópu að rétta af fjárlagahalla sem er forsenda þess að auka stöðugleika á helstu fjármálamörkuðum sem hafa verið í uppnámi. Þá telur BUSINESSEUROPE einsýnt að draga verði úr regluverki og höftum sem eru enn ærin á ýmsum sviðum innri markaðarins en einnig verður að tryggja að frjáls samkeppni dafni á helstu alþjóðamörkuðum. Auk þess verður að takast á við aukna tilhneig-

ingu til einangrunarhyggju og ríkisstyrkja en það eru hefðbundnir fylgifyskir niðursveiflu.

BUSINESSEUROPE hefur bent á þrjár meginleiðir til eflingar hagvaxtar á nýjan leik í álfunni.

- Endurræsa verður innri markaðinn á EES-svæðinu, ryðja viðskiptahindrunum úr vegi, stórauka flæði þjónustuviðskipta milli landa og gera atvinnulífinu kleift að nýta sér viðskiptatækifæri án þess að flækjast í óþarfa höftum sem eru til staðar ótrúlega víða í opinberu regluverki.
- Forystumenn í Evrópu nái samkomulagi við helstu viðskiptablokkir heims og þróunarríki og blási eldi í viðræður innan Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um viðskiptafrelsi á heimsvísu.
- Ríkin innan ESB og á evrópska efnahags-svæðinu verða að auka framlög til rannsóknna, menntunar og nýsköpunar en þrátt fyrir háleit markmið Lissabonstefnunnar standa Evrópuríkin BNA, Japan og fleirum talsvert að baki.

## 8.5. EVRÓPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins hafa um árabíl rekið skrifstofu í Brussel þar sem einn starfsmaður hefur verið að staðaldri. Frá ársbyrjun 2008 hefur starfsemin verið eflid en þá var ráðinn til SA sérstakur verkefnisstjóri Evrópumála sem dvelur ýmist í Brussel eða á Íslandi eftir atvikum og verkefnum. Hefur komið í hans hlut að fylgjast með aðildarumsókn Íslands að ESB sem var formlega afhent sumarið 2009.

Ein þungamiðjan í starfsemi SA í Brussel er að fylgjast með og taka þátt í starfi BUSINESS-EUROPE og halda tengslum við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Innan BUSINESSEUROPE hafa verið byggð upp nán og góð tengsl við fastafulltrúa annarra ríkja hjá samtökunum sem og fjölmarga embættismenn ESB sem eru tíðir gestir í höfuðstöðvum BUSINESSEUROPE. Góð tengsl eru við íslensku fastanefndina í Brussel og fulltrúa ráðuneytanna þar.

## 8.6. SAMRÁÐ AÐILA VINNUMARKAÐARINS Í EVRÓPU

Samtök atvinnulífsins hafa tekið virkan þátt í félagslegu samráðsferli á Evrópuvettvangi í gegnum aðildina að BUSINESSEUROPE en þar hafa fjölmörg mikilvæg mál verið tekin fyrir í

viðræðum við ETUC (Samtök evrópskra verkafélaga).

Sumarið 2009 gerðu BUSINESSEUROPE og ETUC nýjan samning um foreldraorlof í stað eldri samnings sömu aðila frá 1995. Nýi samningurinn sem felur í sér að réttur foreldris til ólaunaðs foreldraorlofs lengist úr 3 í 4 mánuði var lögfestur eins og gert var með fyrri samning, sjá tilskipun 2010/18/ESB, og hafði þá ferðast samkvæmt nýju ákvarðanatökufæri Lissabon-sáttmálans í gegnum helstu stofnanir ESB.

Samningaviðræðum um rammasamning varðandi vinnumarkað fyrir alla (e. Inclusive Labour Markets) lauk með sameiginlegu skjali BUSINESSEUROPE, ETUC og smærri samtaka á evrópskum vinnumarkaði. Drógust þessar viðræður nokkuð á langinn, svo mjög að aðilar þurftu að sækja um undanþágu til ESB til að framlengja tímaramma viðræðnanna. Engu að síður náðist mikilvægt samkomulag og telur BUSINESSEUROPE að ákvæði um aukinn sveigjanleika (e. flexicurity) á vinnumarkaði sé mikilvægt – ekki sist til að bregðast við tímabundnum efnahagserfiðleikum og fjöldaatvinnuleysi.

BUSINESSEUROPE og ETUC vinna að margvíslegum skýrslum að beiðni Evrópusambandsins. Hafa þessi langstærstu samtök aðila vinnumarkaðarins fallist á að reyna að gefa sameiginlegt álit á helstu kostum og göllum nýju EU2020 áætlunar ESB. Þá er unnið að sameiginlegu álit á tilskipun um útsenda starfsmenn.

Aðilar vinnumarkaðarins skiluðu skýrslu á vordögum 2010 að beiðni framkvæmdastjórnar ESB um álit á nokkrum umdeildum dómum Evrópudómstólsins um túlkun tilskipunarinnar um útsenda starfsmenn og réttar til að krefjast kjarasamninga vegna þeirra en þar takast á sjónarmið um frjáls þjónustuviðskipti og félags-

lega vernd. Ekki tókst að ná sameiginlegri niðurstöðu. Skýrslan inniheldur því tvö mismunandi álit BUSINESSEUROPE og ETUC.

### 8.7. NORRÆNT SAMSTARF

Samtök atvinnulífsins eiga mikið og gott samstarf við systursamtök á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórnar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og svo eru haldnir árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Samtökin eiga einnig gott samstarf við tvenn samtök grænleikra atvinnurekenda þ.e. Nusuka og Sulisitsisut (Grönlands arbejdsgiverforening, GA).

Á fundum sínum fjalla samtökin um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu. Samstarf samtakanna hefur staðið í áratugi og verið afar mikilvægt.

### 8.8. ALPJÓÐA VINNUMÁLA-STOFNUNIN (ILO)

98. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar var haldið í Genf 3.-19. júní 2009. Þingið markaðist mjög af efnahagskreppunni. Að frumkvæði vinnuveitenda var dagskrá þingsins breytt og viðbrögð við efnahagslægðinni rædd í sérstakri nefnd. Þá samþykkti þingið samröma með atkvæðum ríkisstjórna, vinnuveitenda og launþega sérstakan atvinnusáttmála (e. A Global Jobs Pact). Sáttmálinn er stefnumarkandi hvað varðar viðbrögð við félagslegum og atvinnulegum áhrifum kreppunnar og hvetur til uppbyggingar á grundvelli fjárfestinga, atvinnusköpunar og félagslegrar verndar. Sáttmálinn er auk þess ákall um tafarlaugar aðgerðir um heim allan, bæði innanlands, svæðisbundið og á heimsvisu. Nánari upplýsingar um sáttmálann er að finna á vef ILO.

Að öðru leyti var starfsemi alþjóðavinnuálagingsins í hefðbundnum farvegi. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar fjallaði um niðurstöður skýrslu sérfræðinganeftar ILO um framkvæmdina í einstökum löndum. Auk þess fóru fram umræður um jafnrétti og alnæmisvandann og þá einkum í Afríku.



# MENNTAMÁL

Samtök atvinnulífsins, aðildarsamtök þeirra og félagsmenn sinna mennta- og fræðslumálum á margvíslegan hátt í nánú samstarfi við verkalyðshreyfinguna og stjórnvöld.

Á íslenskum vinnumarkaði er sá hópur fólks sem einungis hefur lokið grunnskóla jafnstór og hópurinn sem hefur lokið háskólamenntun eða um þriðjungur vinnuafslins hvor hópur. Ýmsar ástæður liggja að baki því að fólk hættir í skóla en miklu skiptir að hópnum séu búin úrræði sem nýtast þeim samhliða starfi eða atvinnuleit.

Ný lög um framhaldsfræðslu, sem setja ramma um fullorðinsfræðslu fólks á vinnuarkaði með stutta formlega menntun, taka gildi í síðasta lagi um áramótin 2010–2011. Þau fela í sér breytingu á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með því að opinberir starfsmenn og viðsemjendur koma þar að. Fé sem ætlað er í málaflokkinn er sett í sjóð með sérstaka stjórn. Með nýju lögum styrkist vonandi samstarf framhaldsskóla og þeirra sem sinna framhaldsfræðslu m.a. hvað varðar einingabært nám og raunfærnimat. Stuðla á að aukinni viðurkenningu á gildi menntunar sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Löggin gera ráð fyrir að Starfsmenntaráð og starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar verði lögð niður og verkefni flutt á hinn nýja vettvang.

## 9.1. STARFSGREINARÁÐ

Flest aðildarsamtök SA hafa starfsmann sem hefur menntamál í viðkomandi grein á sinni könnu. Sá hópur auk nokkurra áhugasamra mannauðs- og starfsmannastjóra fyrirtækja hittist nokkrum sinnum á síðasta ári m.a. til að tilnefna í 12 starfsgreinaráð.

Starfsgreinaráð eru menntamálaráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi en ný reglugerð um starfsgreinaráð tók gildi á árinu 2009. Starfsgreinaráðunum er ætlað að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautalýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Einnig gera þau tillögur um lokamarkmið starfsnáms, gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir og setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla og náms á vinnustað, gera tillögur um uppbyggingu og inntak lokaprófa í starfsnámi og veita umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms einstakra skóla.

Þá eru starfsgreinaráð ráðgefandi við mat á beiðni einkaskóla um viðurkenningu á starfsnámsbrautum og halda skrá yfir fyrirtæki og

vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms. Fjöldi fólks á vegum aðildarsamtaka SA tekur þátt í þessu starfi og á þannig þátt í og ber ábyrgð á að móta stöðugt nám í framhaldsskólum í viðkomandi grein.

## 9.2. STARFSFRÆÐSLUSJÓÐIR

Í krafti góðrar fjárhagsstöðu gátu starfsmenntasjóðir ófaglærðra á árinu 2009 veitt einstaklingum og fyrirtækjum góðan stuðning. Kreppan tekur í þar sem annars vegar hefur eftirspurn eftir styrkjum aukist en tekjur hafa dregist talsvert saman þar sem atvinnuleysið er mest. Lokið er við að samræma umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki milli Starfsafsls, Landsmenntar og SVS, þannig að fyrirtæki sækja nú með einni umsókn sem fer á viðkomandi sjóði þótt stéttarfélagaaðild starfsmanna sé mismunandi. Þetta skiptir miklu við verkefni á borð við verkefnið *fræðslustjóri að láni* sem sjóðirnir bjóða fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Símenntagjaldi vegna iðnaðarmanna er ráðstafað til starfsemi á vegum lðunnar fræðsluseturs og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Sjóðirnir *Starfsafli* og *Landsmennt* fá nú fjármagn að mestu með beinum greiðslum atvinnurekenda en voru fyrstu árin fjármagnaðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Gjald í þessa starfsmenntasjóði er 0,2% af tryggingagjaldi. Framlag atvinnurekenda í *Starfsmenntasjóð verslunar og skrifstofufólks* er einnig 0,2%. Stéttarfélagin, sem að þeim sjóði standa, greiða móttframlag sem svarar einum fjórða af framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki sem aðild eiga að SVS og eru með virka endurmenntunarstefnu geta sótt um að greiða lægra starfsmenntagjald; 0,1% í stað 0,2%. Sjómennt fékk ákveðna upphæð á ári 2005–2007 úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að vinna að starfsmenntun sjómanna.





### 9.3. FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu aðila vinnumarkaðarins. Hún mótar stefnu og framkvæmd og deilir út fé til menntaúrræða fyrir fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn en hefur ekki lokið námi úr framhaldsskóla. Starfsemi hefur vaxið hröðum skrefum þau sjö ár sem FA hefur starfað. FA er í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land, Mími símenntun í Reykjavík og fræðslumiðstöðvar iðngreina sem sjá um að bjóða einstaklingum úrræði.

*Starfsemi FA samanstendur af þremur meginþáttum:*

Í fyrsta lagi að móta og styrkja nám sem fullorðnum er boðið og metið hefur verið til eininga. Gefnar hafa verið út hjá FA rúmlega 30 námskrár sem eru vottaðar af menntamálaráðuneytinu. Þær eru í grunnfögum t.d. almennum bóklegum greinum eða íslensku en einnig sérhæfðar. Sem dæmi má nefna nám í færni í ferðaþjónustu, jarðlagatækni, öryggisvörslu eða verslunarfagnám. Slíkt vottað nám má meta til styttingar náms í framhaldsskóla ef menn kjósa að bæta við það.

Í annan stað heldur FA utan um raunfærnimat sem unnið er í fræðslumiðstöðvum iðngreina og símenntunarmiðstöðvum. Þessi hluti starfs FA hefur aukist mikið ár hvert. Nú hafa nær fimm hundruð manns í um tug iðngreina fengið færni sína metna gagnvart námsskrám framhaldsskóla í viðkomandi fagi og hafa fengið leiðbeiningar um hvernig megi ljúka náminu. Flestir þeirra eru í húsasmíði, rafvirkjun og pípulögnum

Í þriðja lagi heldur FA utan um náms- og starfsráðgjöf sem fer þannig fram að ráðgjafar kynna hana á vinnustöðum og bjóða fólki í einstaklingsviðtöl. Þessi þáttur starfseminnar eykst einnig frá ári til árs. Á síðasta ári skiptust ráðþegar í fyrsta sinn jafnt eftir kynjum. Nærri tveir af hverjum þremur sem leita eftir náms- og starfsráðgjöf eru undir fertugu og álíka stór hluti hefur ekki lokið námi úr framhaldsskóla.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins efndi til óformlegs samstarfs um viðbrögð við efnahagsþrengingunum og koma að því fulltrúar ráðuneyta, aðila vinnumarkaðarins, sjóða og fræðsluaðila. Þetta hefur m.a. getið af sér samstarf við Vinnu- málastofnun í náms- og starfsráðgjöf. Þá er ónefnt margs konar starf FA að gæðamálum í fullorðinsfræðslu, í fjölþjóðlegu samstarfi, að því að vera miðstöð kennslufræðilegar þekkingar í

fullorðinsfræðslu og við að þjálfra kennara sem kenna fullorðnum.

Á ársfundum FA undanfarin ár hafa verið veittar tvær viðurkenningar til þeirra sem teljast fyrirmyndir í námi fullorðinna. Í þetta sinn hlutu þær tveir menn á miðjum aldri sem fóru í raunfærnimat í húsasmíði og fengu báðir sem nemur tveggja ára námi metið. Þetta eru þeir Sigtryggur Gíslason og Vilhjálmur Örn Halldórsson. Þeir sóttu eftir matið báðir námskeið vegna lesblindu, hafa síðan bætt við sig bóklegum greinum og notið náms og starfsráðgjafar. Hjá báðum er í augnsýn að ljúka formlega námi í sinni grein.

### 9.4. STARFSMENNTARÁÐ

Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsfræðslu verður Starfsmenntaráð lagt niður en fjárstuðningur til að efla starfsmenntun í landinu færður til fræðslusjóðs. Starfsmenntaráð úthlutaði tvisvar árið 2009 samtals um 65 milljónum kr.

Starfsmenntaverðlaunin voru veitt í 10. sinn í nóvember 2009 en þau eru viðurkenning til aðila sem eru að vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Í flokki fyrirtækja fékk Securitas viðurkenninguna fyrir fræðslustarf fyrirtækisins, sérstaklega öryggisvarðanam Securitas. Í flokki skóla og fræðsluaðila hlaut verðlaunin ÍÐAN fræðslusetur fyrir fjölbreytt fræðslustarf og fékk raunfærnimatið þar sérstaka viðurkenningu. Í flokki félagasamtaka og einstaklinga fékk Stjórnvísí viðurkenninguna fyrir faghópastarf.

### FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

#### Starfsmenntaráð

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar

Aðalm: Ingi Bogi Bogason, Sl

Varam: Anna Rós Ívardsdóttir, VÍS hf.

#### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF

Aðalm: Torfi Pálsson, Ístak hf.

Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

#### Starfsmenntasjóður verslunarmanna

Aðalm: Andrés Magnússon, SVP

Aðalm: Svanur Valgeirsson, Debenhams

Aðalm: Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, Olís

Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

Varam: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar

#### Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF  
 Aðalm: Guðrún S. Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Unnur Halldórsdóttir, Hótel Hamar  
 Varam: Ragnar Árnason, SA  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

#### Starfsafl – Starfsmenntasjóður Flóa

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF  
 Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Árni Ingi Stefánsson, ÍAV  
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Starfsmenntasjóður verkstjóra

Aðalm: Bragi Bergsveinsson, SF  
 Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

#### Háskólinn í Reykjavík – stjórn

Sjöfn Sigurgísladóttir, Matis ohf.  
 Eggert Guðmundsson, HB Granda hf.

#### Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands – stjórn

Aðalm: Bragi Bergsveinsson, SF  
 Aðalm: Júlíus Kristinsson, Orf Líftækni hf.  
 Aðalm: Bogi Örn Emilsson, Skjal ehf.

#### Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Pétur Reimarsson, SA

#### Vísinda- og tækniráð

Aðalm: Hilmar Bragi Janusson, Össur hf.  
 Aðalm: Pétur Reimarsson, SA  
 Varam: Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf.  
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF

#### Háskólinn á Bifröst – stjórn

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
 Aðalm: Finnur Árnason, Hagar hf.  
 Aðalm: Gunnlaugur Aðalbarnarson, Kf. Héraðsbúa  
 Varam: Atli Atlason, Landsbanki Íslands  
 Varam: Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.  
 Varam: Sigurður Jóhannesson, SAH afurðir

#### Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Aðalm: Stefán Logi Haraldsson, BM Vallá.  
 Varam: Stefán Kalmannsson, Viðskiptaháskólanum Bifröst

#### Vöxtur og væntanleg fjárförf Háskólans á Hólum til ársins 2010

Vilhjálmur Egilsson, SA

#### Ungir frumkvöðlar JA

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

#### Fagrað verslunar- og þjónustugreina

Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar  
 Varam: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS

#### Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar

#### Stjórn verkstjórnarnámskeiða

Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Erla Kristinsdóttir, Sjávariðjan Rifi ehf.  
 Torfi Þorsteinsson, HB Grandi hf.

#### Verkefnisstjórn um viðbrögð í háskólum og vísindum við breyttum aðstæðum í atvinnu- og efnahagsmálum

Ragnhildur Geirsdóttir, Promens  
 Björk Þórarinsdóttir, Kaupþing

#### Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Varam: Hörður Vilberg, SA



# ÚTGÁFA OG KYNNING

## 10.1. VEFUR SA

Vefur Samtaka atvinnulífsins, [www.sa.is](http://www.sa.is), gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna. Áhersla er lögð á öflugan fréttáflutning af málefnum atvinnulífsins en á vefnum er einnig mikið safn upplýsinga. Þar má m.a. finna upplýsingar um samtökin, svo sem samþykktir, skipulag og starfsemi. Auk þess er þar að finna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, efnahags- og skattamál og umhverfismál svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er að finna greinargott yfirlit og umfjöllun um viðburði á vegum samtakanna.

## Vinumarkaðsvefur SA

Á vinnumarkaðsvef SA er að finna ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er opin félagsmönnum SA.

## Rödd atvinnulífsins

Fyrir aðalfund SA 2009 sendu samtökin út fimm útvarpsþætti á vef SA dagana fyrir fundinn undir yfirskriftinni *Rödd atvinnulífsins*. Þar var rætt við fjölmarga stjórnendur úr íslensku atvinnulífi um brýnustu hagsmunamál íslenskra fyrirtækja. Rödd atvinnulífsins mun hljóma á ný fyrir aðalfund SA 2010 en breytist þá í vefsíðunarp. Hægt er að horfa og hlusta á Rödd atvinnulífsins á [www.sa.is](http://www.sa.is).



## 10.2. AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, er gefið út einu sinni í mánuði – nema í ágúst vegna sumarleyfa. Fréttabréfið kemur á framfæri sjónarmiðum og skoðunum SA en það samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig má nálgast það á vef SA.

## 10.3. ÚTGÁFA

### Atvinna fyrir alla

*Atvinna fyrir alla – aðgerðaáætlun 2010 um uppbyggingu atvinnulífsins* kom út í febrúar 2010. Um er að ræða nýja stefnumörkun SA um atvinnu- og efnahagsmál sem miðar að sköpun nýrra starfa og uppbyggingu atvinnulífsins á þessu ári og í næstu framtíð. Meginmarkmiðið er að útrýma atvinnuleysi og tryggja að ný störf



verði til fyrir þá sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum. Um er að ræða stefnumörkun á fjölmörgum sviðum sem miða að því að koma Íslandi af stað.

Samtök atvinnulífsins telja að örlög íslensks atvinnu- og efnahagslífs séu fyrst og fremst í höndum Íslendinga sjálfra. Aðgerðir eða aðgerðaleyfi ráði því hvernig til takist að komast út úr kreppunni í kjölfar bankahrunsins í október 2008. SA telja að með því að fylgja öflugri atvinnustefnu sé hægt að ná viðsnúningi strax þannig að endurheimta megi fulla atvinnu og fyrri lífskjör eigi síðar en á árinu 2015.

Rafrænt eintak áætlunarinnar má nálgast á vef SA.

## Ný útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands og NASDAQ OMX Iceland gáfu út í júní 2009 endurskoðaðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í þessari 3. útgáfu leiðbeininganna er sérstaklega horft til sambærilegra leiðbeininga frá öðrum löndum og forskriftar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Fleiri og ítarlegri ákvæði eru í nýju leiðbeiningunum og gerðar eru ríkari kröfur til stjórnenda fyrirtækja en áður á nær öllum sviðum. Leiðbeiningarnar hafa viðtækara gildissvið en áður, þeim er ekki einungis beint að skráðum félögum heldur öllum félögum sem tengjast almanna-hagsmunum.

Rafrænt eintak leiðbeininganna má nálgast á vef SA.

## 10.4. OPNIR FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa á starfsárinu 2009–2010 efnt til fjölda opinna funda. Viðfangsefni þeirra hefur eðli málsins samkvæmt einkum beinst að starfsumhverfi fyrirtækja, efnahags- og skattamálum, vinnumarkaðsmálum og fjármálum hins opinbera.

### Að tala fyrir Íslands hönd

Að tala fyrir Íslands hönd var yfirskrift málþings sem haldið var í Salnum í Kópavogi miðvikudaginn 20. maí 2009. Þar voru m.a. kynntar niðurstöður úr viðhorfsrannsókn í Danmörku, Þýskalandi og Bretlandi um viðhorf almennings til Íslands. Boðað var til málþingsins í samstarfi hinna ýmsu samtaka atvinnurekenda m.a. SA, Útflutningsráðs, Almannaatengslafélags Íslands og Ferðamálastofu. Innlendir og erlendir fyrirlesarar fjölluðu um orðspor Íslands, fortíð og framtíð. Í ljós kom að viðhorf almennings í fyrrgreindum löndum til Íslands reyndist mjög jákvætt þrátt fyrir áföll í efnahagslífinu og nafn landsins var einkum tengt við náttúruna, hver, eldfjöll og jökla.

### Barnvænt samfélag

Þriðjudaginn 10. nóvember stóðu Samtök atvinnulífsins, Heimili og skóli og Félag leikskólakennara fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Barnvænt samfélag“. Málþingið sóttu um 160 manns og hlýddu á fróðleg erindi ásamt því að taka þátt í umræðum um efni þeirra. Þar kom m.a. fram að ótal leiðir eru til að auka sveigjanleika í vinnu svo starfsmenn geti betur sinnt þörfum barna. Þar getur komið til breytt starfshlutfall til lengri eða skemmri tíma, möguleiki á að færa vinnu heim að hluta eða öllu leyti, tilfærsla á orlofi eða launalaust orlof og tilfærsla á vinnutíma. Þetta byggir þó á gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og vinnuveitenda og að aðstæður leyfi slíkar breytingar.

### Er að marka fjárlög?

Þriðjudaginn 17. nóvember 2009 héldu Samtök atvinnulífsins í samráði við Félagi forstöðumanna ríkisstofanna og fjármálaráðuneytið ráðstefnu um framkvæmd fjárlaga undir yfirskriftinni „Er að marka fjárlög?“. Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist vel í alla staði. Ástæða þess að þetta efni var tekið fyrir er sú að á undanförunum árum hefur verið pottur brotinn í framkvæmd fjárlaga og fjárlög og útgjöld einstakra stofnana farið langt fram úr því sem Alþingi ákvað við afgangi sína. Ítarlega umfjöllun um ráðstefnununa er að finna á vef SA.

Samtök atvinnulífsins vilja leggja sitt að mörkum til þess að hægt sé að bæta stöðu ríkisfjármálanna á skynsamlegan hátt. Samtökin áttu því frumkvæði að samstarfi um ríkisfjármálin við þá aðila sem lagt geta gætu gott til þessara mála. Ráðstefnan var fyrsta skrefið í þeirri vinnu.

### Hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna

Samtök atvinnulífsins voru meðal bakhjarla að Hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna sem fram fór í nóvember undir yfirskriftinni *Snilld- arlausnir Marel*. Þátttakendum var falið að hámarka virði herðatrés en virðið gat verið félagslegt, fjárhagslegt, tilfinningalegt, skemmtilegt, umhverfisvænt eða í raun hvað sem er. Fyrirmynd keppinnar er fengin frá Stanford háskólanum í Bandaríkjunum en bestu hugmyndina átti Valdís Steinarsdóttir sem bjó til nýstárlegan gítarstand. Einnig fengu Elís Rafn Björnsson og Ari Páll Ísberg viðurkenningu fyrir hjálpartæki sem nýtist við endurvinnslu og Kristinn Pálsson fékk viðurkenningu fyrir fatahengi.

### Hvert stefna fjármál ríkisins?

#### Horfur 2010–2013 og nauðsynleg viðbrögð

SA boðuðu til morgunverðarfundar um horfurnar í fjármálum ríkisins til ársins 2013 og nauð-





synleg viðbrögð í lok janúar 2010. Boðað var til fundarins í samráði við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og var hann afar vel sóttur en um 270 þátttakendur mættu til fundarins. Glæsur frummælenda ásamt umfjöllun fjölmiðla um fundinn má nálgast á vef SA.

Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sagði m.a. á fundinum að enginn einstakur liður í hagstjórninni skipti jafn miklu máli við núverandi aðstæður og árangurinn í ríkisfjármálum. Þar skilji algerlega á milli feigs og ófeigs. Auk Björns Rúnars fluttu erindi Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matis. Fundarstjóri var Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

### Virkjum karla og konur – fjölbreytni í forystu

Fjölbreyttur hópur fólks úr atvinnulífinu kom saman á Hótel Nordica þann 10. febrúar. Þá efndu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands, Leiðtoga-Auður, iðnaðarráðuneytið, efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Creditinfo til morgunverðarfundar þar sem m.a. var greint frá því hvernig viðskiptalífið hyggðist fjölga konum í forystusveit atvinnulífsins. Konur og karlar sem komu saman til fundarins greiddu aðeins eitt þátttökugjald og skilaði það jafnri þátttöku kynjanna en fram til þessa fundar höfðu fundir sem fjölluðu um karla og konur í forystusveit atvinnulífsins einkum verið sóttir af konum. Nánar er fjallað um fundinn í 4. kafla ársskýrslunnar um jafnréttismál.



### Hvernig fáum við það besta úr heilbrigðiskerfinu?

Hátt í 200 manns sóttu fund SA um heilbrigðismál sem fram fór 18. mars á Hótel Nordica auk þess sem fulltrúar heilbrigðisstofnana víða um landið fylgdust með fundinum í beinni útsendingu. Yfirskrift fundarins var *Hvernig fáum við það besta úr heilbrigðiskerfinu?* Boðað var til fundarins í samráði við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Reykjavíkur, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Kynningar frummælenda má nálgast á vef SA.

SA leggja áherslu á að unnið verði út frá ábendingum OECD um heilbrigðismál á Íslandi. Hér á landi er þjónusta í of miklum mæli veitt af dýrum þjónustuaðilum á óþarflega háu tækni- og þjónustustigi, kostnaðarþátttöku er ekki beitt nægilega markvisst og ekki er nægileg samkeppni á milli þjónustuaðila. OECD telur kostnað í íslenska heilbrigðiskerfinu geta lækkað um 1,5% af landsframleiðslu án þess að dregið sé úr þjónustu. Þá er hlutur einkaaðila í veitingu heilbrigðisþjónustu of lítil á Íslandi.

### Stórfundur um atvinnumál:

#### Atvinnu fyrir alla

Föstudaginn 12. mars efndu Samtök atvinnulífsins til stórfundar um atvinnumál og horfurnar framundan á Hótel Nordica. Um 300 stjórnendur úr íslensku atvinnulífi, stjórnámamenn, fulltrúar sveitarfélaga, ríkisstofnana og verkalyðshreyfingar, mættu til fundarins. Þar var m.a. rætt um til hvaða aðgerða hægt væri að grípa til að koma Íslandi af stað og rjúfa þá kyrrstöðu sem nú einkennir atvinnulífið. Erindi fluttu Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Vilmundur Jósefsson, formaður SA, setti fundinn og sagði þolinmæði fólks og fyrirtækja á þrotum. Tími væri fyrir ríkisstjórnina að láta verkin tala en dráttur hafi orðið á úrlausn margra mála. Sjónvarpsupptöku af fundinum má nálgast á vef SA.



# REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

## 11.1. STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 2009 var haldinn á síðasta degi vetrar, miðvikudaginn 22. apríl, á Hilton Reykjavík Nordica. Þór Sigfússon, þáverandi formaður SA, setti fundinn kl. 14. Hrund Rudolfsdóttir var kosinn fundarstjóri og Guðrún Eyjólfsdóttir fundarritari. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og flutt skýrsla stjórnar. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða.

### Beytingar á forystu SA

Þá var gerð grein fyrir niðurstöðum í formanskjöri SA en Þór Sigfússon var endurkjörinn formaður SA eftir sitt fyrsta starfsár með 74% greiddra atkvæða. Þór ákvað að víkja sem formaður SA í byrjun júlí í kjölfar rannsóknar á fjárfestingarstarfsemi Sjóvar. Í bréfi til félagsmanna sagði Þór að honum væri umhugað um að starfsemi SA gengi eins vel og kostur væri og hann hafi á engan hátt viljað að samtökin yrðu fyrir skaða vegna fyrrgreindrar rannsóknar sem væri SA algjörlega óviðkomandi. Þór sagðist jafnframt telja að störf hans fyrir Sjóvá hafi í einu og öllu verið í samræmi við lög.

